

# Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 15. júlí 2025.

Mál nr. S-640/2024:

## Héraðssaksóknari

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

## Gediminas Saulys

(Elimar Hauksson lögmaður)

### Dómur

#### I.

Mál þetta er höfðað með ákæru Héraðssaksóknara útgefni 15. nóvember 2024 á hendur Gediminas Saulys, [...]

fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa laugardaginn 20. apríl 2024, í sumarhúsi að Kiðjabergi [...] í Grímsnes- og Grafningshreppi, veist að A með margþættu ofbeldi, þannig að A hlaut bana af, en atlagan beindist að höfði, hálsi og líkama A, þar á meðal með því að slá hann tvisvar í andlitið þar sem að hann sat á stól, þannig að hann féll í gólfið, allt með þeim afleiðingum að A hlaut af fjölþætta áverka, þar á meðal leðurhúðar- og húðbedsblæðingar á vinstra gagnauga, hvirfil- og hnakkasvæði með undirliggjandi útbreiddri blæðingu í höfuðleðrið og vinstri gagnaugavöðvann, auk umtalsverðra blæðinga í vinstri hluta hálsins og á vinstra eyrnasvæðinu með undirliggjandi mjúkvæfjarblæðingum og broti á efra vinstra horni skjaldbrjósksins, skrámur á höfði, undirhúðablæðingar á augnsvæðum og vinstri kinn, mar á framhluta nefs, slímhúðarblæðingar innanvert á neðri vör og aftarlega í slímhúð hægri kinnar, blæðingar í hægri ennisblaði og hægri gagnaugablaði og mikla og útbreidda áverka á heilavef í heila, litla heila og heilastofni, en A lést af völdum heilaáverkans.

Í ákæru er háttsemi þessi talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málið var þingfest hinn 12. desember síðastliðinn. Sótti ákærði þing ásamt Elimar Haukssyni, lögmanni, sem skipaður var verjandi ákærða að hans ósk. Við þingfestingu málsins neitaði ákærði sök, en gerði kröfu um að málinu yrði vísað frá dómi á þeim grundvelli að ákæran sé ekki nægjanlega skýr eftir áskilnaði c- og d-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Með úrskurði dómsins 29. janúar síðastliðinn var málinu vísað frá dómi og ríkissjóði gert að greiða þóknun skipaðs verjanda ákærða. Með úrskurði Landsréttar 6. febrúar síðastliðinn í málinu nr. 83/2025 var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Aðalmeðferð málsins fór fram dagana 27. og 28. maí síðastliðinn og var málið tekið til dóms að henni lokinni.

Afstaða ákærða við aðalmeðferð málsins var óbreytt og hann neitar sök.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar sömu kröfur og að framan greinir. Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvaldsins, en til vara að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa verði hann sakfelldur. Þá er krafist málsvarnarlauna til handa verjanda að viðbættum virðisaukaskatti og þess aðallega krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði, til vara að sakarkostnaði verði skipt svo að ríkissjóður greiði sakarkostnað að mestu leyti.

## II.

Upphaf málsins má rekja til þess að skömmu fyrir klukkan 14 þann 20. apríl 2024 barst lögreglu tilkynning um að maður væri meðvitundarlaus í sumarhúsi að Kiðjabergi [...] í Grímsnes- og Grafningshreppi. Kemur fram í frumskýrslu að í tilkynningunni hafi komið fram að maðurinn andaði ekki. Þá kemur fram að er lögreglumenn voru á leið á vettvang hafi komið tilkynning um að maðurinn væri meðvitundarlaus og kaldur viðkomu og að hann væri með áverka á andliti eftir ágreining sem átti að hafa átt sér stað fyrr um morguninn. Fljótlega eftir komu lögreglumanna og sjúkraliðs á vettvang hafi karlmaður þar verið meðvitundarlaus, liggjandi á gólfi í einu svefnherbergja sumarhússins.

Sjúkraflutningamenn hafi dregið manninn fram í stofu til að sinna honum og hafi áverkar verið sjáanlegir á andliti. Maðurinn hafi verið með glóðarauga og bólgur á andliti. Endurlífgunartilraunir hafi ekki borið árangur og hafi maðurinn verið úrskurðaður látinn kl. 14:23 af lækni á vettvangi. Hinn látni hafi reynst vera A, litháískur ríkisborgari, búsettur hér á landi.

Í skýrslunni kemur fram að þrír menn hafi verið á neðri hæð sumarhússins utan hins látna. Síðan hafi komið í ljós að einn til viðbótar hafi verið á efri hæðinni. Lögreglumaður hafi komið að honum þar sem hann hafi virst sofandi og vakið hann. Kvaðst hann vera ákærði í málinu, Gediminas Saulys. Er skráð að tveir þessara manna muni hafa dvalið í sumarhúsinu frá deginum áður, ásamt hinum látna, en hinir tveir munu hafa komið þangað skömmu áður en tilkynning til lögreglu barst. Í frumskýrslu greinir frá samtölum lögreglumanns við ákærða sem sagst hafa verið sofandi í eina til eina og hálf klukkustund, en kvaðst lítið muna eftir kvöldinu áður. Ákærði hafi lýst þeim tveimur sem bjuggu í húsinu sem þeim gamla og þeim litla. Lögregla væri að eyða tíma með því að vera á vettvangi en allt væri þetta litla manninum að kenna sem hefði talað of mikið. Hafi ákærði viðurkennt að hafa kýlt „litla aðilann“.

Ákærða var kynnt réttarstaða sakbornings. Hann og litli aðilinn hafi verið að slást en ekki hefði verið um mikil slagsmál að ræða. Þeir hefðu farið saman upp stiga sumarhússins að svefnloftinu og að ákærði hefði sagt „fuck off“ og svo farið að sofa. Ákærði hafi ekki lýst því atviki nánar. Lögreglumaður hafi spurt ákærða hvað „litli aðilinn“ hétu og ákærði sagt hann heita A, en eftir upplýsingum um talstöð hafi það verið nafn þess látna. Ákærði hafi verið handtekinn en ekki virst vita af andlátinu. Beðið hafi verið með að kynna honum það, en honum síðan tilkynnt þar um.

Í frumskýrslu kemur fram að rætt hafi verið við B sem greint hafi frá því að C hafi hringt í sig kl. 7:16 og sagt að ákærði og A hefðu verið að rífast mjög mikið og viljað athuga hvort unnt væri að koma og tala við þá. A hafi síðan hringt í sig stuttu síðar og sagst vera illt í líkama, sérstaklega fæti, en B hafi þá sagt honum að fara á spítala sem A hafi ætlað að gera. B hafi greint frá að hægt hafi verið að fylgjast með ferðum starfsmanna fyrirtækisins með GPS tæki í bifreiðinni [...] en hún hefði ekki verið færð til. Hann hafi þá ítrekað reynt að hringja í A, hann ekki svarað og þá hafi B og D farið af stað frá [...]

til að athuga hvort allt væri ekki í lagi. Þegar þeir hafi komið í bústaðinn hafi C tekið á móti þeim og ekki viljað tjá sig um hvað gerst hefði, en sagt „I'm no snitch“. Þeir hafi þá farið inn í herbergi A þar sem hann hafi legið í rúmi sínu á maganum. Þeir hafi engu sambandi náð við hann og þá tekið hann úr rúminu og byrjað að hnoða. Strax hafi þeir hringt í neyðarlínu og viðbragðsaðilar mætt stuttu seinna. Í skýrslu er greint frá að B hafi sagt þá A, C og ákærða hafa verið í helgarfrí og verið að drekka áfengi og hann hafi grunað að eitthvað hefði komið upp á milli ákærða og A og þeir farið að slást. B hafi sagst ekki skilja af hverju ákærði hefði drepið A þar sem B hafi talið þá gott teymi í vinnu, en e.t.v. höguðu þeir sér þannig út á við og eitthvað undirliggjandi komið upp þegar þeir drykkju áfengi.

Í frumskýrslu er greint frá viðtali lögreglumanns við C en hann hafi verið í svefnherbergi á vinstri hönd inn af ganginum frá inngangi. Er greint frá tungumálaörðugleikum en að hann hafi sagst skilja ensku. Hann hefði verið að vinna með mönnunum í húsinu og að sá sem verið væri að hlúa að væri A samstarfsfélagi sinn, og þeir væru búnir að vera að vinna þarna í um mánuð. Hafi C greint frá að hafa séð A liggja á gólfinu framan við stigann um kl. 9 um morguninn en sjálfur hafi hann verið á leið á salernið. Kvaðst C hafa verið sá sem hringt hefði í yfirmenn sína, þá B og D og að þeir hafi síðan komið eftir að A hafi verið meðvitundarlaus. Hann ásamt ákærða og A hafi búið í húsinu. Í skýrslunni er einnig greint frá að lögreglumaður hafi rætt við D fyrir utan sumarhúsið kl. 14:30. Hafi hann heyrt frá A um kl. 7:16 um morguninn í síma. D hafi fundist A vera drukkin og hafi sagst hafa dottið úr stiga deginum áður en sagan síðan farið að „mixast“. D hafi spurt frekar um hvað gerst hefði en A ekki viljað svara því en viljað komast til læknis til að láta líta á fótinn á sér. D hafi leiðbeint honum um að taka vinnubifreiðina og fara til læknis. D hafi svo sagst hafa verið við vinnu á skrifstofu sinni þegar annar starfsmaður hafi haft sambandi við hann til að segja frá að A og ákærði hefðu verið að rífast kvöldið áður. D hafi sagt frá að hafa farið á vettvang til að kanna með þá og hitt C fyrst sem verið hefði í herbergi sínu. C hafi þá sagt „I don't know nothing“ en samt haft orð á því að ákærði og A hefðu verið að rífast. D hefði þá sagst hafa gengið að næsta herbergi og þar hafi A legið. Í fyrstu hafi D haldið að A væri bara ölvaður og sofandi og hafi farið til ákærða en svo aftur til A, snert hönd hans og fundið að hún væri köld. B hafi þá hringt í 112 og þeir D strax hafið endurlífgunartilraunir. Spurður um hvers vegna hann og B hefðu farið á vettvang hafi D sagt að C hefði hringt í frænda sinn sem einnig væri

starfsmaður D og sá látið hann vita að þeir B[svo] og A hefðu verið að rífast. D hafi þá sagt það ekki ganga að starfsmenn væru að rífast og því farið til að kanna með þá. Í skýrslu kemur fram að ákærði hafi verið fluttur á lögreglustöð og einnig þeir D, B og C sem handteknir hafi verið vegna rannsóknarhagsmuna.

Í fyrstu skýrslum lögreglu kemur fram að réttarmeinafræðingur hafi verið kvaddur á vettvang til að skoða hinn látna þar. Hann hafi ekki getað sagt til um dánarorsök en haft um það tilgátur sem biðu frekari könnunar við krufningu. Komið hafi fram hjá honum að punktblæðingar hefði mátt sjá við augu hins látna og í munni. Liggur einnig fyrir upplýsingaskýrsla um skoðun á líki hins látna frá 21. apríl 2024. Er þar lýst áverkum á höfði eftir sljóa krafta og getið um punktblæðingar ofan hálsins sem geti hugsanlega skýrst af „m.a. þrýstingi um hálsinn“. Segir að ekki sé útilokað að hinum látna hafi verið veittir banvænir áverkar af öðrum manni, en dánarorsök sé enn ekki vituð.

Í málinu er upplýsingaskýrsla um aðkomu sjúkraflutningamanna og var tekin skýrsla af þeim fimm talsins. Lýstu þau sem að vettvangi komu aðstæðum og fyrstu aðgerðum þar sem hinn meðvitundarlaus hafi verið dreginn fram á gólf úr herbergi þar sem hann var og endurlífgun haldið áfram en hætt kl. 14:24. Er í þessum skýrslum lýst áverkum sem sjúkralið sá á hinum látna meðal annars hafi hann verið með áverka á höndum, mikla áverka í kringum höfuð, kringum augu og á öðru eyra. Var því meðal annars lýst að höfuð hafi verið mjúkt viðkomu og afmyndað. Af skýrslum að dæma hafi þau ekki séð mikið blóð utan sárs á höfði og mar.

Tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu annaðist vettvangsrannsókn þann 20. apríl 2024 ásamt E réttarlækni sem kom á vettvang eins og fyrr er rakið. Með skýrslu um rannsóknina fylgja ljósmyndir. Er sumarhúsinu lýst og herbergjaskipan. Engin merki hafi sést um nýleg þrif og ryk og óhreinindi á gólfum hæðar og riss. Skráð er um ætlað blóð á laki og dýnu í herbergi A og blóðblettum lýst þar sem blettur á dýnu var um 60 cm frá höfðagafli og 40 cm frá brún rúmsins. Þrír ætlaðir blóðblettir á gólfi milli rúms og kommóðu og á fremsta hluta erma á grárri hettupeysu í rúmi A. Rakur blettur var á gólfi sem virst hafi geta komið frá vitum hins látna. Í stofu eða eldhúsi í vestari hluta hússins hafi lík hins látna verið á bakinu á miðju gólfinu þar sem árangurslausar lífgunartilraunir hafi verið gerðar á honum. Í horni var hluti af brotnum sólstól sem virtist passa við brotin

sem hafi verið á sólpalli utan við stofuna. Er tekið fram að ekki hafi verið augljós merki um átök. Er í skýrslu tæknideildar greint frá líkskoðun réttarlæknis. Segir að sýnilegir áverkar hafi verið á höfði hins látna og víðar, en ekki að sjá að honum hafi blætt að ráði en blóð verið við vitin. Blóðkám hafi verið á hægri hendi en ekki sýnilegt sár. Líttill blóðtaumur hafi verið vinstra megin á höfði sem virst hafi lekið eftir höfðinu og yfir efri hluta eyrans á meðan hinn látni hafi verið með andlitið upp. Ljósrautt kám hafi verið á vinstra vanga að eyra. Á augnlokum og í augum hafi virst depilblæðingar sem geti verið vísbending um andlát vegna köfnunar. Er einnig greint frekar frá líkinu, köldu viðkomu, stjarfa og líkblettum. Í skýrslunni er enn fremur greint frá haldlagningu og sýnatöku en vettvangsrannsókn hafi aftur farið fram 22. apríl 2024. Í niðurstöðu rannsóknarinnar segir að A hafi legið á gólfi borðstofu eða eldhúss og verið með höfuðáverka sem ekki séu dæmigerðir fyrir fall eða föll auk þess að vera með depilblæðingar á augnloki og í augum. Ekki hafi verið augljós ummerki um átök í húsinu og engin augljós áhöld eða barefli á staðnum. Brotinn stóll hafi verið í borðstofu eða eldhúsi en brotin úr honum á sólpalli utan við borðstofu. Um hafi verið að ræða léttan stól sem virst hafi gamall. Blóð hafi verið í rúmi þar sem komið hafi verið að A og á gólfi við rúmið þangað sem hann hafi verið færður í fyrstu. Engin nýleg ummerki hafi sést um þrif á gólfum, veggjum eða í stiga.

### III.

Rétt þykir í máli þessu að gera grein fyrir helstu skýrslum sem teknar voru af ákærða, öðrum sem nutu réttarstöðu sakbornings og vitnum við rannsókn málsins.

Ákærði gaf skýrslur hjá lögreglu undir rannsókn málsins. Var tekin af honum skýrsla 21. apríl 2024 þar sem hann greindi frá veru sinni, A og C í sumarhúsinu þar sem þeir hefðu dvalið í fimm vikur. Kvað ákærði þá ekki hafa þekkt fyrir þann tíma. Þeir hefðu verið að drekka áfengi frá föstudagskvöldinu, eldað mat, spjallað og horft á sjónvarp, vakið á laugardagsmorgni, drukkið áfram og hann ásamt hinum farið að sofa. Hann hafi síðan vaknað þegar lögregla hafi komið. Þeir hafi farið að sofa um miðnætti eða nær kl. 1, en hann sagðist hafa farið upp í herbergi til sín og hinir haldið áfram drykkju. Sagðist ákærði halda að þeir hefðu drukkið bjór um morguninn, hann, A og C. Kvaðst ákærði ekki muna hvað síðan hafi gerst, hann hafi enn verið drukkin þegar hann vaknaði og drukkið meira. Spurður um hvort hann vissi eitthvað tengt því að A hefði fundist látinn í húsinu og hvor

eitthvert ósætti hefði verið á milli þeirra þriggja, kvaðst ákærði ekki muna það, kannski hefði eitthvað verið sagt. Kvaðst ákærði hafa sofið í um tvo eða þrjá klukkutíma þegar hann hafi verið vakinn. Sagðist hann halda að hinir hefðu verið í eldhúsinu þegar hann hafi farið að sofa, kannski einhver úti að reykja. Ákærði var spurður nánar út í það þegar hann hefði vaknað um morguninn, en hann kvaðst ekki muna. Hinir hefðu verið niðri í eldhúsinu. Kvaðst ákærði ekki hafa komið að andláti A og lögregla fundið sig sofandi í rúminu. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna til að hafa átt í deilum við A. Ákærði gaf að nýju skýrslu hjá lögreglu 23. apríl 2024 og kvaðst þá aðspurður hafa við fyrri framburð sinn því að bæta að hafa slegið A með flötum lófa, einu sinni eða tvisvar í andlitið. Hann hafi vaknað á laugardagsmorgni, enn drukkinn. Þeir hefðu fengið sér kaffi og reykt, en einnig drukkið bjór. Allt í einu hefðu þeir farið að rífast, A farið að öskra á sig og ákærði sagt honum að róa sig og fara að sofa. A hefði haldið áfram að öskra á ákærða, ákærði staðið upp, komið nálægt honum og slegið svolítið sterkt högg, en ekki með krepptum hnefa heldur flötum lófa. Eftir þetta hafi A dottið niður í gólfið, Þegar ákærði hafi slegið hann hafi hann setið í stólum og eftir þetta dottið í kjölfarið. Vera kynni að hann hefði meitt sig í höfðinu eftir að hann hafi dottið. Þegar ákærði hafi komið nálægt honum og hlustað á hann hafi hann ekki verið – ekki eins og hann væri í sambandi, hljóður eins og í svefni. Kvaðst ákærði halda að hann hafi eftir þetta farið að reykja, komið til baka og hjálpað A að standa upp, leitt hann í rúmið og skilið hann þar eftir, síðan farið aftur út að reykja. Þá hafi ákærði farið upp í herbergi til sín og sofnað. Lögreglan hafi síðan vakið hann. Þegar ákærði hafi séð hann síðast hafi hann verið andandi og á lífi. Spurður um hvenær þetta hafi gerst kvað ákærði það hafa verið milli kl. 9 og 10. Á þeim tíma hafi rifrildi átt sér stað. A hefði vakið sig kl. 6:30, þeir setið eldhúsinu, sumir að reykja eða drekka kaffi eða bjór. Mundi ákærði ekki nákvæmlega af hverju þeir hefðu farið að rífast. Ákærði hafi sagt A ekki átt skilið hærri laun og hann þá farið að kalla á ákærða og særa, kalla sig ljótum orðum – þá hafi ákærði sagt honum að hann væri fullur og skyldi fara að sofa. Hann hafi sagt eitthvað aftur við ákærða, ákærði þá farið nálægt honum og slegið hann. Mundi ákærði ekki hvort hann hafi slegið einu sinni eða tvisvar með flötum lófanum. Allt hefði þetta gerst í eldhúsinu og lýsti ákærði því nánar með teikningu hvar A hefði setið í stól og hvar hann hefði dottið eftir að ákærði hefði slegið hann. A hafi síðan hrotið sem sofandi og ákærði farið út að reykja en snúið síðan aftur til að athuga og A þá á lífi. Hann hafi tekið ákærða um hálsinn og ákærði hjálpað honum að standa upp og hjálpað honum að labba í herbergið og í rúmið. Liðið hefðu í mesta lagi fimm

mínútur eða þann tíma sem tók að reykja eina sígarettu þangað til að ákærði hafi komið til að hjálpa A. Spurður um hvar C hefði verið kvað ákærði hann hafa setið við borðið allan tímann, þeir síðan farið út saman til að reykja eftir þetta rifrildi. Ákærði kvaðst þó ekki muna hvar C hefði verið þegar ákærði hjálpaði A í rúmið. Ákærði var beðinn um að lýsa hvernig A hefði legið í rúminu og kvað hann A hafa legið á bakinu. Ákærði hefði spurt hann hvort væri ekki í lagi með hann og hann virst svara játandi. Einnig hafi ákærði spurt hann hvort hann vantaði eitthvað en ekki skilið svarið.

Nánar spurður um högginn taldi ákærði að þau hefðu lent hægra megin í andlitinu. Kvaðst ákærði hafa slegið með hægri hendi og var þá aðspurður ekki viss hvort hann hefði slegið hægra megin í andlit eða ekki muna það. A hafi setið í stól og dottið til hægri miðað við hvernig hann hafi legið er ákærði hjálpaði honum. Gat ákærði ekki rifjað upp hvort A hefði náð að færa sig eitthvað meðan ákærði hafi farið út að reykja. Ákærði kvaðst ekki muna hvernig A hefði dottið en hann gæti hafa dottið á húsgagn eins og kómmóðu. Um tímasetningu þegar ákærði hafi farið út að reykja og síðan farið með A inn í herbergi kvaðst ákærði ekki vera viss, en það gæti hafa verið milli kl. 10 og 11. Spurður um hvort áverkar hefðu verið á A þar sem hann hafi legið kvað ákærði A hafa verið svolítið rauðan en gat ekki nákvæmlega sagt hvoru megin í andlitinu.

Í skýrslutökunni greindi ákærði svo frá að A og hann hefðu verið vinir en hann slegið hann, reiður vegna hegðunar, og sagt honum að fara að sofa enda allt of drukkinn. Kannski hefði hann skallað höfuðið í gólfið þegar hann hafi dottið, kannski of mikill kraftur þegar hann sló, ákærði vissi það ekki. Ákærði hafi ekki viljað vinna honum mein. Taldi ákærði sig hafa slegið svolítið sterklega, en ekki af krafti. Hvort höggið hafi verið eitt eða tvö kvaðst ákærði ekki muna. Við skýrslutökuna, aðspurður um hvernig áhrif áfengi hefði á hann, kvaðst ákærði vera þunglyndur og nefndi höfuðhögg í æsku, lyfjatöku vegna þess og skapbreytingar. Hvort hann tengdi það eða hvatvísi við atburðina kvaðst ákærði hafa misst þolinmæðina vegna hegðunar A og slegið hann. Ákærði kvað A hafa verið drukknari en sig enda drukkið alla nóttina. C hefði ekki virst vera undir áfengisáhrifum að sjá enda með sykursýki og þeir ekki leyft honum að drekka.

Spurður um brotinn stól kvað ákærði A hafa setið á stólnum. Stóllinn hafi brotnað þegar ákærði hafi slegið. Spurður um aðkomu C kvað ákærði hana enga en að hann hefði verið

viðstaddur þegar ákærði hafi slegið, þeir hafi farið út að reykja eftir þetta en ákærði ekki vitað hvert C hefði síðan farið. Var ákærði einnig spurður út í framburð C um að A hefði legið á maganum á ganginum. Sagðist ákærði ekki vita um það en að hann hefði hjálpað honum, hann legið á hliðinni – hann hefði dottið eins og hann hafi setið – kannski hefði hann snúið sér. Mundi ákærði ekki eftir því sem haft var eftir C að hann hefði spurt ákærða hvað komið hefði fyrir A er C hefði séð hann liggjandi á gólfinu. Ákærði hefði kannski sagt honum að A hefði bara legið áfengisdauða, en mundi það ekki.

Skýrsla var tekin af ákærða 2. maí 2024 þar sem meðal annars var farið yfir bráðabirgðaskýrslu réttarmeinafræðings og áverka á hinum látna. Kannaðist ákærði ekki við annað en að hafa slegið A einu sinni eða tvisvar með flötum lófa, en ekki sparkað eða trampað í skóm, tekið um háls eða kyrkt. Neitaði ákærði að hafa veist með öðrum hætti að A með þeim afleiðingum sem getið er um í skýrslunni. Þá hefði hann ekki kyrkt A aðspurður um áverka sem samræmst gætu því. Um áverkana taldi ákærði hugsanlegt að þeir hefðu getað komið til við fall, e.t.v. niður stiga. Þá sagðist ákærði ekki geta skýrt áverka sem gætu hafa komið til af varnarviðbrögðum og mundi hann ekki eftir að hafa tekið um úlnliði A. Þann 8. maí var að nýju tekin skýrsla af ákærða og honum sýndar myndir af hinum látna. Ítrekaði ákærði fyrri framburð og kvaðst ekki hafa skýringar á áverkunum. Um hvort hann hefði séð áverka á A er þeir hafi setið saman þrír yfir morgunverði kvaðst hann ekkert hafa séð en að A hefði verði að kvarta yfir verk og ef ákærði myndi rétt hefði hann farið með umbúðir til hans. Áverkar sem A hefði síðar verið með á höfði stöfuðu af því að hann hefði slegið hann tvisvar í andlitið og hann dottið niður. Miðað við sýndar myndir hefði ákærði slegið hann vinstra megin, hitt eyru hans líka og svo væru áverkar e.t.v. eftir að hann hefði dottið í gólfið. Hvernig áverkar hefðu komið til á hægri hlið A kvaðst ákærði ekki vita. Hann hefði enga hugmynd um hvernig áverkar á hnakka hefðu komið til. A hefði dottið og eftir að hafa farið með C út að reykja hefði hann hjálpað honum upp í rúm, síðan farið upp til sín.

Einnig var tekin skýrsla af ákærða 21. sama mánaðar og atburðir settir á svið. Skýrði ákærði fyrri frásögn um að hafa slegið A einu sinni eða tvisvar og sýndi hvernig A hefði eftir það legið í gólfinu. Lýsti ákærði því einnig hvernig hann hefði reist A við og stutt hann inn í rúm. Skýrslutaka fór fram af ákærða 22. ágúst 2024. Voru ákærða kynntar

frekari rannsóknarniðurstöður meðal annars um að blóð hefði fundist á fatnaði hans og skóm en ákærði bar við aðspurður að A hefði skorið sig á hendi og ákærði búið um sárin.

Skýrsla var tekin af F þann 21. apríl 2024 þar sem hann greindi frá símtali frá C kl. 10:47 þann 20. apríl þar sem hann hafi verið beðinn um að koma og skutla manni á spítala sem hefði dottið niður stiga. Síðar hafi komið í ljós að það hafi verið A sem hafi verið slasaður en F ekki fengið nánari lýsingar á því. F hafi talað aftur við C í síma þar sem komið hafi fram hjá C að A og ákærði hafi verið að rifast og í átökum, en ekki komið fram nánar um hvað þeir hafi rifist eða lýsing á átökunum. Hafi C sagt að hann hafi ekki blandað sér í þessar deilur enda of gamall til þess. Í skýrslu F kom fram að hann hefði verið í samskiptum við B og D sem hafi farið af stað um kl. 12:35 en um kl. 13:50 hafi hann heyrt í þeim þar sem þeir hafi verið komnir fyrir utan bústaðinn. Kvað hann hafa komið fram hjá C að ákærði væri ekki aðeins undir áhrifum áfengis heldur kannabisefna. Var skýrsla tekin af F aftur þann 14. maí 2024 þar sem hann kvað hafa komið fram í símtali við C að sjúkrabíll þyrfti að koma til að forðast afleiðingar og að þetta gæti endað illa. Það hafi verið áfengisdrykkja og ákærði og A slegist, komið hefði fram að C hefði ekki sagst hafa tekið þátt í slagsmálum enda of gamall til þess. C hafi ekki lýst atvikum nánar. Aðspurður kvað F C hafa hljómað eins og hræddur. Nánar spurður út í þessi símtöl 20. apríl 2024 sagði F C hafa hringt 10:43 og þá sagt að hringja ætti í sjúkrabíl þar sem maður hefði dottið niður stiga en ekki lýst því nánar í því símtali. Taldi F að C hefði verið undir áhrifum áfengis og því hefði F viljað skoða þetta betur og sagst ætla að hringja aftur. Í því símtali hafi hann beðið C að segja frá því sem gerst hefði og hafi C þá lýst ágreiningi á milli A og ákærða og að hann þeirra þyrfti hjálp þar sem afleiðingar gætu orðið af því sem farið hefði þeirra á milli. A væri slasaður en C hefði ekki tekið þátt í þessu. Eftir þetta seinna símtal hafi F sagt D frá því sem fram hefði komið. Það hefði orðið til þess að D og B hafi farið á staðinn.

Í skýrslu af G 29. apríl 2024 kom fram að hún hefði verið í sambúð með A í eitt og hálf ár. Kvaðst hún hafa verið í samskiptum við hann að morgni 20. apríl 2024 en hann hafi hringt í hana myndsímtal um kl. 6 að íslenskum tíma og þá legið í rúmi sínu, en símtalið verið stutt. Hún hefði talað við hann í mynd kl. 8:35 að íslenskum tíma og hann þá verið einn í herberginu sínu og kvartað undan verkjum í hryggjarsúlunni og rifbeinum. Hann hefði lýst því að hafa dottið niður stiga sem hafi verið sleipur. Kvað G hann hafa beðið

hana að spyrja ekki nánar út í það svo hún hefði ekki áhyggjur. Hann hafi sagt að þeir væru allir fullir í húsinu og að hann væri að leita eftir næsta spítala á netinu. Hún hafi ekki séð áverka, hann hefði verið búinn að drekka en ekki fullur. Daginn áður hafi hún einnig rætt við hann.

C gaf skýrslu hjá lögreglu þann 20. apríl 2024. Kvað hann sig, ákærða og A hafa búið í sumarbústaðnum. Spurður um hvað gerst hefði um morguninn og nóttina áður kvaðst hann ekki mikið geta sagt því hann hefði ekki séð hvað gerst hefði. Sagðist hann hafa heyrt þá vera að rífast og drekka áfengi. Sagðist hann hafa farið á salernið og hafa séð „hann“ liggjandi á gólfinu og fyrst hugsað að hann væri drukkinn. Hann hafi þá strax hringt í yfirmann til að koma og athuga hvað væri að gerast. Þetta gæti hann sagt en ekki meira. Hann hafi ekki séð þar sem hann hafi verið í herbergi sínu með lokaðar dyr og bara heyrt fram að einhver læti hefðu verið á milli þeirra ákærða og A. Þeir hefðu eitthvað verið að rífast eftir að hafa drukkið áfengi. Hann hefði ekki þekkt þá meira en eftir að hafa unnið þarna. Hann hafi heyrt þá rífast alla nóttina og ekki vitað hvenær þeir hafi farið að sofa. Það hafi ekki verið fleiri í húsinu. Kvaðst C hafa drukkið kvöldið áður en ekki mikið. Þeir hefðu borðað saman og eftir það hefði hann farið í sitt herbergi milli kl. 20 og 20:30. Er hann hefði farið á salernið hafi hann ekki farið í stofuna þar sem þeir voru enda salernið við hliðina á herbergi hans. Það hafi verið um kl. 5:30. Taldi hann þá hafa verið í eldhúsinu við matarborðið er hann hafi heyrt þá rífast. Hann hafi ekki heyrt um hvað þeir rifust nema að þeir hafi talað um vinnuna og hvor ynni meira en hinn. Lýsti hann síðan nánar rifrildi þeirra ákærða og A þannig að ljót orð hefðu fallið. Um hvenær rifrildið hafi hætt nefndi C að hann hefði séð A liggja á gólfinu e.t.v. um kl. 9 eða 9:30 og hann hafi spurt ákærða hvað hefði komið fyrir hann og ákærði spurt á móti hvort hann væri ekki bara drukkinn. Það hefði verið um kl. 10 eða 10:30 þar sem ákærði hefði setið í eldhúsinu. Skýrði C nánar hvar hann hefði séð A liggja á gólfinu í alrými við eldhúsið. Hann hefði ekki vitað eða séð hvort ákærði hefði síðan farið með hann inn í herbergið. Hann hefði ekki komið nálægt A liggjandi á gólfinu, aðeins séð hann þannig. Ákærði hefði síðan sagst ætla að fara að sofa. Um hvort hann hefði haft samband við einhver kvaðst hann hafa hringt í systur sína eða manninn hennar og nefndi F og H en ekki minnst á hvað gerst hefði. Um hvað gerst hefði kvað C ákærða hafa setið í stól nær glugga og verið að drekka bjór og í símanum, e.t.v. á Facebook. Lýsti C því nánar þegar hann hefði séð A liggja á gólfinu á maganum og hægri vanga en aðspurður ekki séð á honum áverka.

Aðspurður kvaðst hann hafa hringt í yfirmann og lýst áhyggjum sínum og hvort hann gæti komið og skoðað A en kannski hefði hann verið laminn. C hefði síðan farið í herbergið og þar hafi yfirmaðurinn vakið hann. Hann hefði hringt í F og sá hringt í D, yfirmanninn. C hefði ekki viljað blanda sér í þetta og viljað að yfirmaðurinn kannaði ástandið í húsinu og á A. Þetta hafi verið eftir að C hafi séð hann liggjandi á gólfinu. Hann hafi ekki vitað eða séð hvaðan hann hafi farið af gólfinu en kannski hefði ákærði tekið hann í fangið og farið með hann í herbergið og kannski sett í rúmið – kannski hefði hann labbað sjálfur. Önnur skýrsla var tekin af C 24. apríl 2024 þar sem hann kvaðst ekki hafa við fyrri framburð að bæta en kvaðst hafa hringt í F til að hann léti D vita til að hann kæmi á staðinn, hann hefði haft áhyggjur af því að eitthvað hefði komið fyrir. Hann hefði fengið upplýsingar frá D um andlátíð. B og D hefðu komið fyrst inn til sín og spurt hvar þeir væru og C vísað þeim á herbergin, þá hafi hann sagt frá að A væri látinn. Síðan hafi lögreglu borið að. Fór C aðspurður yfir það að þeir hefðu kvöldið áður eldað mat, klárað úr flösku og þeir haldið áfram að drekka bjór en hann ekki mikið. Hann hefði farið í herbergið sitt að horfa á kvikmyndir og heyrt háreysti en ekki hvað þeir hefðu talað um. Þegar hann hafi vaknað hafi hann heyrt A hringja í D og kvarta yfir verkjum, e.t.v. í rifjum og fengið ráð um að leita læknis, en C ekki sagst vilja skutla honum þangað. C hefði borðað morgunmat og heyrt þá tala hátt. C hefði boðið A að hringja í F til að aka honum til læknis en hann ekki viljað. Svo hefði C farið aftur í herbergið sitt, horft á sjónvarp og talað við systur sína. Klukkan hefði e.t.v. verið 8 eða 9 þegar hann hafi heyrt hina tala hátt og drukkið inni í eldhúsinu. Lýsti hann því hvar þeir hefðu verið í skýrslunni. Um kl. 12 hafi hann hringt í F og sagt honum að eitthvað alvarlegt væri að gerast, en F hafi sagst ætla að hringja í D og eftir eina eða eina og hálfu klukkustund hafi hann komið á staðinn. Spurður um hvort hann vissi hvað hefði komið fyrir A eftir að hann hafi sagst slasaður þarna áður kvaðst C ekki vita, kannski hefði hann dottið niður stigann. Kvaðst C ekki hafa séð áverka á honum þá og ekki á höfði, hann hefði bara kvartað um verki við rifbein. Um brotinn stól kvaðst C ekki hafa skýringu á en hann hefði spurt ákærða hvar A væri og hann sagt hann sofandi. Um að C hefði komið að A liggjandi á maganum kvað C það hafa verið um kl. 10 þegar ákærði hafi sagt hann bara sofandi og drukinn. Hann hefði farið í herbergið og svo aftur út en þá hefði A ekki verið þar, kannski hefði hann farið sjálfur inn í herbergið sitt eða ákærði hjálpað honum þangað. Kvaðst C ekki geta sagt nánar um tímasetningar en hann færi á um tveggja klukkustunda fresti á salernið vegna sykursýki. Ákærði hefði verið í eldhúsinu og í símanum og að

drekka bjór þegar A hefði legið á maganum en legunni lýsti C nánar. Hann hefði síðan ekki legið þarna lengur eftir salernisferðina. Hann hefði ekki athugað með A síðast þegar hann sá hann og talið hann sofandi. Varðandi upplýsingar um að C hefði orðið vitni af átökum og að A hefði verið kannski verið laminn kvað hann það hafa verið hótanir en ekki átök í verki. A hefði kallað ákærða homma og ákærði þá viljað ráðast á hann en C stoppað hann af og nefndi föstudagskvöldið. Kannaðist C ekki við að hafa orðið vitni að því að A hefði verið laminn, bara að hann hefði kvartað undan verkjum í síðu – kannski hefði hann dottið niður stiga, kannski eitthvað að slást – hann vissi ekki um. Um upplýsingar þess efnis að C hefði séð ákærða lemja A þar sem hann hefði setið kvað C þær ekki réttar – hann hefði ekki séð og það ekki gerst fyrir framan sig. Kemur fram í skýrslu C að ákærði hafi orðið reiður þegar A hafi vakið hann til að fá akstur til læknis. Skýrsla var tekin af C 2. maí 2024 en kvaðst hann þá ekki muna eftir einhverju til að bæta við fyrri framburð og rakti atburðina. Kvaðst C ekki geta sagt til um áverka á líki A samkvæmt skýrslu réttarmeinafræðings. Kannaðist C ekki við að hafa orðið vitni að átökum milli A og ákærða eins og ákærði hefði borið um. Síðast hefði hann séð A liggjandi á gólfinu um kl. 8:30 eða 9 og ekkert farið nálægt honum til að athuga með hann. Mundi hann þó að þegar A hefði kvartað um verk í síðu áður hafi hann beðið hann um að lyfta skyrtu og hvort væru áverkar eftir byltu en þeir ekki verið. Skýrsla var tekin af C 8. maí 2024 en þá lýsti hann högum sínum og sambandi þeirra þriggja í vinnu og í bústaðnum. Um kvartanir A snemma laugardagsmorguns um verk í rifbeinum kvað C það hafa verið um kl. 5 eða 6 að morgni að frá A hafi heyrst kvein vegna þess. Er þeir hafi verið í eldhúsinu um morguninn hafi ákærði gert lítið úr kvörtunum A og hæðst að honum en hann ekki tekið því illa. C hefði síðan klárað kaffið sitt og farið inn í herbergi að sofa en skilið hina tvo eftir í eldhúsinu. Lýsti vitnið einnig bollaleggingum um að A hringdi í D til að fá sjúkrabíl en A ekki viljað það. Kvaðst C ekki muna eftir einhverju atviki sem valdið hefðu rifbeinsbroti A fyrr. Tengt lýsingum á vinnu þeirra þriggja og samskiptum kvaðst C ekki muna eftir að líkamlegt ofbeldi hefði átt sér stað milli ákærða og A fyrir þennan laugardagsmorgun. C var spurður út í símtölin um laugardagsmorguninn, fyrst í F kl. 11:39 og kvaðst hann fyrst hafa hringt í F en hann ekki svarað og á hafi hann hringt í föður hans. C hafi sagt að hann hafi hringt og sagt að það væri eitthvað sem væri að, ekki gott að gerast þarna. Svaraði vitnið því þó til að hafa talað við F, en A hafi þá enn verið í rúminu og ekki farinn fram úr. C hafi viljað fá einhvern á staðinn til að koma í veg fyrir vandamál eða vesen í framtíðinni. Spurður um

af hverju hann hefði haft þessar áhyggjur nefndi C það að A hefði kvartað undan verkjum og þetta atvik þegar hann hafi legið í gólfinu en síðan látið sig hverfa. Þessum áhyggjum hafi hann einnig lýst við ákærða og sagt honum að kannski myndi hann hringja í F eða D. Ákærði hafi sagt það í lagi ef hann vildi hringja. Þessi samskipti við ákærða hafi verið í eldhúsinu og áður en C hafi hringt í F eða föður hans. Ákærði hafi verið þarna við borð, í símanum og að drekka bjór. Var borið undir C að hann hefði hringt í F samkvæmt gögnum kl. 11:48 og samtalið varað í tæpar þrjár mínútur. Spurður um hvað þeim hafi farið á milli kvað C hafa sagt gott ef D kæmi á staðinn, óljóst væri hvað væri í gangi með A, hann gæti e.t.v. ekki unnið næstu daga. C hefði ekki viljað blanda sér í málið og viljað fá yfirmanninn – það liti út eins og hann væri að klaga eða fylgjast með sem hann vildi ekki. Um hve langur tími hafi liðið frá því að hann hafi séð A liggja í gólfinu uns hann hafi hringt í F kvaðst C ekki vita en það hafi e.t.v. verið klukkustund eða meira. Beðinn um að lýsa rás atburða nánar kvaðst C hafa séð hann liggjandi á gólfinu eftir að hafa opnað dyrnar á herberginu þar sem C hafi verið, þá séð ákærða í eldhúsinu og spurt hvað hafi gerst og af hverju hann lægi þarna. Ákærði hafi sagt hann fullan og sofandi, en eftir þetta hafi C farið í sitt herbergi og verið þar. Í herberginu hafi hann verið á Facebook og rætt við vin í [...]. Kvaðst C ekki hafa vitað hvað hafi þá verið í gangi frammi. Hann hafi ekki farið fram úr en e.t.v. heyrt tónlist. C kvaðst ekki vita hvað langur tími hefði liðið þangað til hann hafi farið aftur fram, en vegna sykursýki fari hann oft á salernið. Hann hafi farið fram og spurt ákærða hvar A væri og ákærði sagt hann hafa farið í herbergið sitt. C hafi síðan farið aftur í herbergið sitt. Lýsti hann síðan aðspurður að nýju um þessar áhyggjur sem hann hafi haft og svaraði hann hefði verið alltof lengi inni hjá sér. Kvað hann hafa verið lokað inn í herbergi A. Þá hafi hann spurt ákærða hvort þeir ættu að hringja í D og vísaði í þetta með rifbeinin. Hann hafi svo hringt í F. Um hvort ákærði hefði kannað eitthvað með A hafi C ekki séð eða vitað. C hafi haft áhyggjur þar sem hann hafi kvartað undan verkjum og verið liggjandi á gólfinu. Aðspurður hafi hann ekki séð áverka á A þegar hann lá. Hann hafi verið á maganum, sofandi og ekki hreyft sig. Um áverka sem komið hefðu í ljós á A kvaðst C ekki geta svarað til um og hann hefði ekki veitt honum áverka þá sem leiddu til andláts. Aðspurður kvað hann ekkert hafa komið fram hjá ákærða um að A hafi dottið. Þessir áverkar hafi ekki verið þarna snemma laugardagsmorgunsins. Kvaðst C ekkert geta sagt til um áverka þá sem honum voru sýndir á A. Spurður um hvað hann hafi gert eftir símtölin við F og þangað til D og B hafi

komið kvaðst C hafa verið í herbergi sínu í símanum, e.t.v. á Facebook, en ákærði hafi verið í herberginu sínu – enda hafi D og B spurt um hann þegar þeir komu.

Þann 16. maí 2024 var að nýju tekin skýrsla af C. Voru þá borin undir hann gögn um símtöl hans á föstudeginum 19. apríl og daginn eftir, tímasetningar og efni samtala. Kvaðst C ekki hafa rætt við fólk tengt sér í samtölum um aðstæður í bústaðnum að morgni laugardagsins. Þá fór vitnið yfir símtöl sín við H og F eins og hann hafði fyrr lýst í meginatriðum, en hinn fyrrnefndi hafi rétt F símann. Um ósamræmi miðað við framburð H kvaðst C hafa sagt að ekki væri allt gott en síðan haldið samtalinu áfram við F. E.t.v. hafi hann sagt einnig við H að það vantaði sjúkrabíl. Spurður um af hverju C hefði ekki sjálfur kannað stöðuna og kallað til sjúkrabíl kvaðst hann ekki hafa farið inn til A og það hefði liðið langur tími og bara þögn í húsinu. Venjulega hafði A verið í eldhúsinu, í tölvunni eða við sjónvarpið, honum hafi þótt þessi þögn skrytín. Hann hafi talað um sjúkrabíl til að fá einhverja meðferð, kannski gæti hann ekki unnið. Um þau orð að það þyrfti að forðast afleiðingar af þessu og að eitthvað gæti endað illa kvaðst C það hafa snúist um heilsufar A og að hann vildi fá yfirmenn á staðinn til að kanna. Um að hann hafi talað um áfengisdrykkju og party og að ákærði og A hafi slegist svaraði C að þeir hefðu drukkið alla nóttina og talað hátt við hvorn annan en hann hefði ekki séð slagsmál sjálfur – hann minnti að hafa sagt F að það hafi verið eitthvað í gangi milli þeirra, rifrildi eða eitthvað svoleiðis. Bar C einnig um atvik þegar lögregla mætti á staðinn og hann hafi verið handtekinn. Hann hafi mátt labba um og farið út þar sem hann hafi hitt D og B, spurt þá hvað væri í gangi og þeir sagt A dáinn, en eftir því sem hann skildi hafi þeir reynt endurlífgun. Hann hefði verið í herbergi sínu þar sem hann hafi verið handtekinn en farið fram í eldhús til að fá sér vatnssopa fimm til tíu mínútum áður en lögregla hafi komið. Ákærði hafi þá ekki verið niðri og taldi hann hafa verið uppi í sínu herbergi. C hafi hringt í H en lögregla bannað honum að tala í símann. Um hvernig var útlits þegar hann hafi farið fram kvað hann hafa verið bjórdósir á borðinu. Spurður um brotinn stól og að komið hefði fram að hann hefði brotnað þessa nótt kvað C þá kannski hafa verið að slást en hann ekki heyrt að stóll væri brotinn – hann hefði ekki tekið eftir þessu. C lýsti því hvað gerst hefði þegar D og B hefðu komið en hann hefði ekki heyrt eða séð þá koma fyrr en þeir bönnuðu á dyr og spurt hvar A og ákærði væru. Líklegast hafi það verið D. Hann hefði síðar séð þá reyna endurlífgun og D sagt að maðurinn væri dáinn. C var spurður út í framburð D um samskipti þeirra, meðal annars um að C hafi sagt þetta

vera þeirra vandamál og að hann ætlaði sér ekki að blanda sér í þau er D hafi spurt hvað hafi gerst. Endurtók vitnið að hann hafi ekki vitað að eitthvað alvarlegt væri í gangi en hafi sagt við F að kannski þurfti sjúkrabíl. Aðspurður hafi hann ekki fyrr orðið var við hvað hafi verið að gerast í húsinu en kannski klukkustund áður en D og B hafi komið hafi C verið að lýsa áhyggjum sínum. Lýsti C aftur samskiptum sínum við ákærða um hvort hann ætti að hringja en ákærði hafi setið við borðið, verið í síma og að drekka bjór. Tók C fram að hann hefði spurt ákærða hvar A væri en ekki séð hvernig A lenti í herberginu sínu, hvort hann hafi labbað sjálfur eða ákærði hjálpað honum. Ákærði hafi sagt hann sofandi. Dyrnar að herbergi A hafi verið lokaðar. C hafi ekki vitað á þessum tíma að hann hefði farið aftur í herbergið, bara séð að hann hafi ekki lengur verið á gólfinu. Áður hafi C verið í herberginu sínu og ekkert heyrt enda e.t.v. með heyrnartól. Hann hafi farið fram og spurt ákærða af hverju A væri liggjandi á gólfinu og ákærði svarað að hann væri bara fullur og myndi sofa og síðan vakna. Um atburðarásina áður hafi A vaknað um kl. 5 þannig að C hafi orðið var við og heyrt í honum. Þetta hafi verið um kl. 7 og A sagt að honum væri illt í síðunni, hugsanlega hefði hann dottið niður stigann. C hafi beðið hann um að lyfta bolnum en enga áverka að sjá. Skildi hann A þannig að hann hefði verið búinn að reyna að ná í D. C hefði boðist til að hringja en A ekki viljað. Þá hafi C ekki hringt og farið aftur í herbergið sitt. Á þessum tímamarki hafi ákærði setið við enda borðsins þar sem sé pallur og tekið þátt í samtalinu. Þegar þeir hafi spurt A af hverju hann hafi vaknað svona snemma hafi ákærði sagt hann kerlingu og að hann kvartaði mikið. C hafi síðan farið út. Hann hafi ekki tekið þátt í samtali þeirra, bara heyrt smá, A hafi farið upp til ákærða um nóttina og dottið niður stigann. C hafi ekki séð hann detta og viti ekki, bara heyrt það sem þeir hafi talað um. A hafi flækst eitthvað og dottið niður. C hafi svo enga áverka séð á honum. Hvernig A hafi brugðist við skeytasendingum ákærða hafi það bara verið grín. Undir C var borið að ákærði hafi sagt sig hafa veist að A og að þá hafi C setið við eldhúsborðið. Svaraði C því til að hann myndi ekki lýsa því þannig, kannski hafi hann kallað hann homma í gríni. Hann geti ekki sagt að þetta hafi verið árás. C hafi síðan ekkert grunsamlegt séð og farið inn í sitt herbergi. Ekkert séð meira. Þeir hafi verið undir áhrifum áfengis og C hafi sagt við A að þetta væri ekki fallett tal. Þeir hafi líklegast farið út að reykja en C farið í herbergið sitt. Þeir hafi verið vel drukknir, ákærði undir áhrifum en ekki eins drukkinn og A. C hafi drukkið vodka en kvaðst halda að hann myndi eftir öllu. Spurður um fyrri framburð um rifrildi milli ákærða og A hafi C ekki verið að fylgjast með. A hafi verið að kvarta yfir

verk og emjandi. Áður en A hafi verið liggjandi í gólfinu hafi hann ekkert heyrt en e.t.v. vegna þess að hann hafi verið með heyrnartól, hann hefði annars heyrt ef það hefðu verið slagsmál í þessu litla húsi. Endurtók C að þeir hefðu farið út að reykja að hann hélt. Hann hafi sennilega allan tímann verið með heyrnartól og þegar hann hafi farið að pissa hafi hann séð A liggjandi í gólfinu. Spurður út í skó ákærða kvað C hann hafa verið í slopp og bláum inniskóm, en gat ekki svarað því hvort hann klæddist þeim þegar hann hafi farið út að reykja. Kvaðst C ekki hafa séð ákærða ráðast á A. Kvað C það ekki rétt sem haft væri eftir ákærða að ákærði hafi farið að sofa og C og A eftir niðri.

C var spurður út í framburð F um að hafa hljómað eins og hræddur í símanum en kvaðst C hann e.t.v. hafa misskilið sig enda hefði hann verið að segja yfirmönnum að koma hafandi á tilfinningunni að eitthvað hefði gerst og honum þætti það skrytið. Í málinu liggja fyrir gögn og endurritun af sviðsetningu með C þann 21. maí 2024 og upptaka.

Þann 31. júlí 2024 gaf C vitnaskýrslu fyrir dómi á grundvelli c-liðar 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Kom þar fram að þeir hefðu farið í búð eftir vinnu föstudaginn 19. apríl 2024, keypt meðal annars áfengi og farið heim þar sem þeir hafi eldað og drukkið áfengi, setið aðeins lengur, eftir það hefði hann farið í herbergi sitt um kl. 21 eða 21:30, en hinir tveir verið eftir alla nóttina, þ.e. ákærði og A. Þeir tveir hafi verið létt drukknir en hvað meira gerðist vissi C ekki. Hann hefði ekki drukkið mikið vegna sykursýki og ekki bjór. Aðspurður um hvort hann hefði heyrt læti eftir að hann fór til herbergis kvaðst hann hafa heyrt að talað hefði verið hátt, en herbergið hans væri við hlið eldhússins. Hann hefði ekki heyrt um hvað hafi verið talað og ekki heyrt merki um líkamlega átök. Hvort hinir tveir hefðu verið að rífast fyrr um kvöldið kvaðst C ekki getað sagt það en eitthvað hefði verið rætt um vinnu. Um hvort hann hefði eitthvað farið út úr herberginu um nóttina kvaðst C þurfa að fara á tveggja til þriggja klukkustunda fresti á salernið. Héldi hann að í fyrsta skiptið hefði hann farið úr herberginu á salernið kl. 22:30 og þeir þá enn að tala saman. Ekkert grunsamlegt hefði vakið athygli hans. Um hvort C hefði orðið var við þá í önnur skipti þegar hann hafi farið fram kvaðst hann hafa orðið var við A undir morguninn þar sem hann var að tala í síma og hafi kvartað undan verk í baki, emjað og sagst hafa dottið niður stigana. Spurður um hvort hann hefði orðið var við að einhver hefði dottið niður stiga kvaðst C ekkert hafa heyrt. Aðspurður kvaðst C síðast hafa séð A á lífi um kl. 6:30. A og ákærði hafi þá verið vakandi. C hefði fengið

sér kaffi, spjallað við þá og skoðað A vegna verkja sem hann kvartaði yfir. Kvað C hafa sagt við A að ef honum liði illa og gæti ekki unnið væri best að hringja í D og komast til læknis en A hafi ekki viljað það og sagt að þetta myndi lagast. C hafi klárað kaffið og haldið aftur í herbergið sitt, þeir hafi verið áfram frammi og drukkið bjór. Aðspurður kvaðst C enga áverka hafa séð á andliti eða höfði og ekki heldur á síðunni sem hann skoðaði. C hafi aftur farið á salernið að hann hélt um kl. 9 eða 9:30 og þá séð að A hafi legið á gólfinu í eldhúsinu. Ákærði hafi setið við borðið og verið í símanum er C hafi spurt hvað hefði gerst og af hverju hann lægi í gólfinu. Hafi ákærði þá sagt að hann hefði dottið niður af stólnum og sofnað blindfullur. C hafi ekkert meira gert í þessu og farið inn til sín og sett á sig heyrnartól, hvort sem hann hafi verið að horfa á mynd eða hlusta á tónlist. Um hvort hann hefði séð ummerki átaka kvaðst C ekkert grunsamlegt hafa séð. Þegar hann hafi komið út úr herberginu aftur hafi A ekki legið lengur í eldhúsinu. Vissi hann ekki hvort hann hefði labbað sjálfur í sitt herbergi eða ákærði hjálpað honum. Aðspurður kvaðst C ekki vita hve langur tími hefði liðið þarna á milli en það gætu hafa verið tvær klukkustundir. Hann hafi ekki rætt um hvar A væri við ákærða sem verið hafi uppi hjá sér. C kvaðst ekki hafa komið nálægt A þegar hann hefði legið á gólfinu eða kannað með hann, aðeins spurt ákærða hvað væri í gangi og ákærði sagt hann vera sofandi og myndi vakna sjálfur. Spurður um hvernig ákærði hefði tekið í það að kallað væri í yfirmenn hafi engin viðbrögð verið. C hefði fyrst orðið ljóst að A væri látinn eftir að D og B hefðu verið komnir. Hann hefði verið spurður hvar ákærði og A væru en hann svarað því til að hann vissi það ekki og bent þeim að líta í herbergin þeirra. Þegar C hafi farið út úr herberginu hafi hann séð D og B í herbergi A og þá spurt hvort allt væri í lagi með hann en fengið svar að hann væri látinn. C hafi ekki tekið þátt í að reyna endurlífgun, aðeins séð það. C var spurður af hverju hann hefði hringt í yfirmann og lýst yfir áhyggjum. Svaraði hann því til að alltof mikil þögn hafi verið í húsinu og ekkert heyrst en þeir hafi ráðgert að grilla kjöt í hádeginu. Ekkert hafi heyrst sem honum hafi þótt skrytið og hringt í yfirmann. Spurður um hvort þetta hefði tengst ósætti milli ákærða og A kvaðst hann halda ekki, hann hefði haft áhyggjur af heilsu A og viljað fá D á staðinn til að skoða hann vegna umkvartana hans. C var spurður um hvort hann hefði heyrt orðaskipti og hvað þeir hefðu sagt við hvorn annan, eitthvað óviðeigandi eða móðgandi. Játaði C því og sagðist hafa heyrt A beina ljótum orðum að ákærða en ekki heyrt nógu vel, um eitthvað sem gerst hefði í gamla daga. Hann hefði ekki heyrt læti, eitthvað gæti hafa gerst er þeir hafi farið út að reykja sem þeir hafi oft gert, hann hefði ekki séð það úr

herberginu. Kvaðst C vera eldri maður – gæti verið faðir hinna – þannig að ef hann hefði heyrt átök hefði hann skilið þá í sundur – hann hefði ekki orðið var við átök bara orðaskipti. Spurður um hvort hann hefði séð ákærða slá til A kvaðst C ekkert hafa séð. Hvort hann hefði séð brotinn stól kvað C að þarna hefðu verið tveir stólar, annar hefði verið úti sem þeir hafi tekið inn – hinum stólnum hefði hann ekki tekið eftir. Ástæða þess að hann hefði ekkert heyrt kynni að vera sú að hann hefði verið með heyrnartól. Spurður um hvort hann hefði séð áverka á höndum ákærða kvaðst C ekkert hafa séð. Um hvernig ákærði hefði brugðist við fréttum af andláti A kvaðst hann ekki vita enda ákærði verið uppi þegar lögregla hefði komið og ekkert séð hann eftir að handtöku hans. Hann hefði ekkert átt í samskiptum við ákærða eftir að ljóst var um andlátið. Um ölvunarástand A og ákærða kvað C þá hafa verið vel drukknar en A ekki þannig að hann gæti ekki staðið í lappirnar. Við lok skýrslunnar voru C sýndar sýndir uppdrættir af sumarhúsinu til að benda á herbergi hvers um sig og myndir af áverkum A, en C kvaðst ekki hafa séð hann þannig útlítandi.

Skýrsla um síma var tekin af G hjá lögreglu þann 29. apríl 2024. Kom fram að hún hefði verið í sambúð með A í eitt og hálf ár. Kvaðst hún síðast hafa verið í samskiptum við A morguninn 20. apríl 2024 er hann hafi hringt myndsímtal í sig um kl. 9 að litháískum tíma eða kl. 6 að íslenskum tíma. Hann hefði legið í rúminu og hún ekki tekið eftir áverkum eða að eitthvað væri athugasvert við hann í stuttu samtali. Hún hefði aftur talað við A í myndsímtali kl. 11:35 að litháískum tíma eða kl. 8:35 að íslenskum tíma. Þá hafi hann verið einn í herbergi sínu og kvartað undan verkjum í hryggjarsúlu og á rifbeinum. Hafi hann lýst því að hafa dottið niður stiga og að stiginn hafi verið sleipur. Hafi hann beðið hana um að spyrja ekki nánar út í það svo hún hefði ekki frekari áhyggjur. Hann hafi sagt þá í húsinu alla fulla og hann væri að leita að næsta spítala á netinu þangað sem hann þyrfti að komast. Kvaðst G ekki hafa séð áverka á A í símtalinu. Hann hafi verið búinn að drekka en ekki verið fullur. Hún kvaðst einnig hafa rætt við hann föstudagskvöldið áður.

Skýrsla var tekin af B 20. apríl 2024. Kvað hann vera framkvæmdastjóri byggingafyrirtækis, en D væri forstjóri þess. Ákærði, C og A hefðu verið starfsmenn þess. D hefði sagt sér frá að A hefði hringt í sig um kl. 7 og sagst hafa dottið, en að hann hefði verið óskýr í tali og e.t.v. drukinn. A hafi sagt að hann væri hugsanlega fótbrotinn

og að D hefði hvatt hann til að fara á bíl fyrirtækisins til læknis [...]. B hefði síðan reynt að hringja í A eftir að hafa heyrt þetta en hann ekki svarað. F, verkstjóri, hafi síðan sagt þeim B og D, sem sagt hafi frá því að C hafi hringt og sagt A líta illa út. Koma þyrfti til að líta á hann og hafi C sagt að A og ákærði hafi verið að slást. Lýsti B svo för sinni og D [...] í bústaðinn. Við komuna hafi þeir gengið beint inn í bústaðinn og að þá hafi allir verið í sínum herbergjum. Brotinn plaststóll hafi verið í eldhúsi og áfengisumbúðir úti á palli. Þeir hafi farið að herbergi C þar sem hann hafi verið inni. Aðspurður hvað hefði átt sér stað hafi C sagt þeim að tala við hina en hann hafi ekki viljað skipta sér af. Næst hafi þeir gengið að herbergi A þar sem hann hafi legið í rúminu, á maga og á hægri hlið andlits. Hafi B séð áverka á vintri hlið andlits eða ennis og á eyra. Það hafi verið storknað blóð og teldi hann að sparkað hefði verið í hann, eins og það væri nudd á húðinni. A hefði legið á maga og með hendurnar undir sér. B hefði þá snúið A við og D þá sagt að A andaði ekki. Þeir hafi reynt að finna púls og kvað B hendur A hafa verið kaldar sem og magi hans. Þeir hefðu hringt í neyðarlínu þar sem þeir hefðu fengið leiðbeiningar um að draga A á gólfíð og hefja endurlífgun. B kvaðst ekki hafa orðið var við ákærða og C meðan reynt var að endurlífga, líklega hafi þeir verið í herbergjum sínum. Kvaðst B aldrei hafa hitt ákærða en hafa séð hann þegar hann hafi verið kominn í lögreglubifreið. B hefði verið allsgáður umræddan dag en fengið sér nokkra bjóra kvöldið áður. Önnur skýrsla var tekin af B daginn eftir og kvaðst hann þá ekki hafa við fyrri framburð sinn að bæta en veitti upplýsingar um símtæki sitt og ferðir þeirra D.

D gaf skýrslu hjá lögreglu 20. apríl 2024. Kvaðst hann vera forstjóri byggingarfyrirtækisins [...] ehf, en B væri framkvæmdastjóri þess og vinur sinn. Greindi D frá því að A hefði verið ráðinn í vinnu hjá þeim fyrir um tveimur og hálfum mánuði síðan og hafi hann dvalið í húsinu í landi Kiðjabergs þar sem hann hafi fundist látinn. Hefðu þeir verið að vinna að smíði sumarhúss í nágrenninu. Kvað hann C og ákærða einnig dvalið í sama húsi og þeir ásamt A unnið að smíði þessa sumarhúss. D hefði ráðið C og ákærða fyrir tveimur og hálfum mánuði en D og ákærði hefðu þekkt áður frá því þeir unnu í öðru fyrirtæki. D greindi frá því að A hefði hringt í sig kl. 7 um morguninn, hann hafi hljómað eins og ölvaður og sagst vera slasaður á fótlegg. Hefði hann aðspurður sagst hafa dottið niður af þakinu, en D þótt þetta skrýtið. Deginum áður hefðu þeim þremur sem í húsinu dvöldu verið greidd laun og hafi þeir séð á ferilvöktun um kl. 10 að bifreiðinni [...] hefði verið ekið [...] seinnipartinn. Taldi D að þeir hefðu þá farið í

vínbúðina. D hefði svo verið á verkstæði fyrirtækisins en í hádeginu hefði hann og B verið að spjalla þegar F hafði komið á verkstæðið og tjáð þeim að hann hefði heyrt í C, en sá hefði sagt í síma að A og ákærði hefðu slegist og að A væri illa slasaður. D og B hafi þá ákveðið að aka í Grímsnesið til að huga að A. Þeir hafi lagt af stað um eða eftir hádegi, komið við [...], þaðan ekið yfir heiðina og síðan eftir Biskupstungnabraut í bústaðinn þar sem A, ákærði og C dvöldu. Þeir hafi séð bifreiðina [...] þar sem henni var lagt við húsið ásamt annarri bifreið sem ekki væri á þeirra vegum og hefði verið þarna lengi án skráningarmerkja. Þegar hann og B hefðu gengið inn hafi allt verið hljótt og allar dyr að herbergjum lokaðar. Hefði D tekið eftir vodkaflösku á eldhúsborði og séð þar brotinn plaststól. Einnig hafi hann séð áfengisumbúðir á svölunum. Kvaðst D hafa bankað á herbergi C og rætt stuttlega við hann, en C hafi ekki sagst ætla að skipta sér af þessu. D hafi heyrt B kalla á ákærða ekkert svar heyrt en herbergi ákærða hafi verið á efri hæð. D hafi síðan opnað inn til A og séð hann liggjandi á maganum sofandi að því er virtist. Hafi D ætlað að leyfa honum að sofa en snúið við á ganginum og ákveðið að vekja hann. Hann hafi gengið að rúmi A og séð hann liggjandi þar á maganum og með hægri hlið andlits vísandi niður á dýnuna. Munnur A hafi verið hálfopinn og töluverða áverka að sjá á vinstra eyra og vinstra megin á enni hans. D hafi þá ætlað að taka á honum A og ætlað að snúa honum við og fundið að hann var kaldur viðkomu. Hafi D þreifað á brjóstakassa sagt B sem var að ganga inn að A andaði ekki. B hefði þá hringt í 112 og þeir hafi svo fært A niður á gólf og hafið endurlífgun eftir fyrirmælum. Það hafi þeir reynt í um 20 mínútur þangað til sjúkraflutningamenn og lögregla hafi komið á vettvang. Kvaðst D ekki hafa orðið var við ákærða meðan á þessu stóð og ekki séð hann fyrr en hann hefði verið handtekinn. Mögulega hefði C gengið úr herbergi sínu og fram í eldhús meðan á endurlífgun stóð. D kvaðst ekki vita um ágreining milli A og ákærða og sagði þá hafa unnið vel saman. Var önnur skýrsla tekin af D daginn eftir þar sem hann kvaðst ekki hafa við fyrri framburð að bæta. Þann 14. maí 2024 var tekin skýrsla af D þar sem hann lýsti aðkomu sinni að sumarhúsinu. Hann hefði opnað inn til C þar sem hann hafi legið í rúminu og virst hræddur, sem D taldi hafa verið þar sem þeir hefðu átt að vera að vinna þennan laugardag og þess að fyrirtækið liði ekki áfengisneyslu. C hafi virst drukkinn og hafi D spurt hann hvað hafi gerst, en C svarað að þetta væri þeirra vandamál sem hann ætlaði sér ekki að blandast í. Kvað D ákærða hafa verið í sínu herbergi sofandi, B hefði kallað á hann en ákærði ekki komið niður. Lýsti D því svo þegar komið hafi verið inn í herbergi A að hann hafi virst sofandi þar sem hann hafi legið á maganum með hægri hlið

andlits í koddanum. D hafi talið hann sofa áfengissvefni og D hafi ætlað að yfirgefa staðinn og athuga með þá síðar en snúist hugur og ákveðið að vekja alla til að fara yfir málin. B hefði komið við A sem hafi verið kaldur og B síðan hringt í neyðarlínu þaðan sem þeir hafi fengið leiðbeiningar um endurlífgun á gólfinu við rúmið. Þeir hafi skipts á að hnoða og blása. C hefði kíkt á þá meðan endurlífgun stóð, snúið við og farið út að reykja. Á meðan þeir hafi reynt endurlífgun hafi ákærði kallað: „C, er hann í alvöru dáinn“.

H gaf skýrslu hjá lögreglu um síma 10. maí 2024. Kvaðst hann hafa verið í samskiptum við C um kl. 10:43 að morgni 20. apríl 2024, en hafi ekki viljað tala við hann lengi þar sem C hafi hljómað eins og undir áhrifum áfengis og talað óskýrt. C hafi beðið um sjúkrabíl fyrir einn mann sem væri slasaður en ekki hafi komið nánar fram hjá C hver það væri eða hvað hefði gerst. H gaf að nýju skýrslu um síma þann 14. maí 2024. Nánar spurður um samtal hans og C kom fram að C hafi einungis sagt að sjúkrabíl þyrfti fyrir einn mann. Hann hafi hugsað með sér að einhver hefði drukkið of mikið og ekki tekið þessu alvarlega eða talið þörf á að bregðast við þessari ósk C, sem hljómað hafi rólegur og alls ekki stressaður.

Skýrslur fóru fram af öðrum undir rannsókn málsins sem að mati dómsins þykir ekki tilefni til að rekja sérstaklega.

#### IV.

Margvísleg gögn úr rannsókn lögreglu liggja fyrir í málinu meðal annars á vettvangi, á fötum ákærða og annarra, sem og um fjarskipti. Þá eru gögn önnur um greiningar ýmsar og myndir svo og upprættir. eru einnig upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og á lögreglustöð, meðal annars þegar læknisskoðun fór fram á ákærða. Upptaka af símtali við neyðarlínu liggur fyrir og upptökur framburða, af sviðsetningum, auk annars efnis.

Skýrsla um vettvangsrannsókn E réttarlæknis sem skoðaði aðstæður 20. apríl 2024 er meðal gagna málsins eins og fyrr greinir. Er þar lýst aðkomu í sumarhúsið og hvernig lík hins látna lá og klæðnaði. Er einnig lýst líkskoðun, mælingum á hita þess og í alrými.

Miðað við mælt hitastig í líki, í umhverfi og hver var þyngd hins látna og annars konar athugana á líki áætlaði réttarlæknir dánarstund. Kvað hann í skýrslunni að A hefði látist á klukkustundunum nálægt 11:30 hinn 20. apríl 2024. Er skýrsla réttarlæknisins dagsett 10. maí 2024. Í upplýsingaskýrslu lögreglu er frá 21. apríl sama ár er tekinn upp tölvupóstur réttarlæknis þar sem greint er frá vettvangsskoðun hans deginum áður. Kemur þar fram að markvert í líkskoðuninni hafi verið að líkið liggja í baklegu á gólfi alrýmisins, íklætt þunnri síðerma peysu, þunnum síðbuxum og nærbuxum. Ummerki endurlífgunarinngríps í formi beinmergjanálar í hægri fótleggnum og rafskauta á brjósti. Grunnt sár ofarlega á hægri hlið ennisins með undirliggjandi þykkum og dúandi margúl. Grunnt sár á vinstri hluta ennisins, punktblæðingar í slímhúðum augnanna og á augnlokunum og punktblæðingar í slímhúð munnsins. Segir í þessum upplýsingum réttarlæknis að dánarorsök sé enn ekki vituð. Fyrir liggja áverkar á höfðinu eftir sljóa krafta. Punktblæðingar ofan hálsins geti hugsanlega skýrst af m.a. þrýstingi um hálsinn. Segir síðan að ekki sé útilokað „að honum hafi verið veittir banvænir áverkar af öðrum manni“. Þá liggur fyrir vettvangsskoðun lögreglumanns nr. 1309 um vettvangsrannsókn hinn 20 apríl 2024 sem fyrir segir ásamt ljósmyndum.

Gögn eru um efni símtals úr síma B við neyðarlínu þar sem viðmælandi lýsir aðstæðum til samræmis við framburð B í meginatriðum og leiðbeiningar til endurlífgunar. Er haft eftir viðmælanda að áverkar hafi verið glóðarauga og áverkar á höfði en ekki að sjá að honum blæddi.

Ítarlegar upplýsingar eru úr rannsókn málsins um afritun gagna af farsímum. Koma þar fram meðal annars samantekt upplýsinga um samskipti A við G, unnustu hans, að morgni 20. apríl 2024, fyrst kl. 6:10 að íslenskum tíma. Í skilaboðum sem A hafi sent „Er lk“ kl. 6:56 sama dag hafi hann sagt hafa brotið rifbein. Eru myndsímtöl þeirra í milli einnig kl. 7 og 7:07. Þá hafi D hringt í A kl. 7:16 þennan morgun og A talað um að hafa dottið úr stiga. Einnig er frásögn G af símtali við A kl. 08:23 á íslenskum tíma.

Afritun gagna af farsíma A sýnir myndsímtal við G kl. 6:10 og 8:23. Þá hringir A í ákærða 7:47 en því símtali er ekki svarað. Eru einnig þýdd samskiptin við nefndan „Er lk“. Kl. 9:12 hafi B hringt í A en ekki verið svarað. Einnig hafi komið fram að A hafi

verið að leita í tæki sínu að spítala [...]. Var í rannsókninni miðað við að síðasta virkni farsímans hafi verið kl. 8:59:14.

Afritun gagna af farsíma ákærða liggur fyrir en þau sýna nokkur símtöl á tímabilinu 19.-20. apríl 2024 auk fjölmargra smáskilaboða og notkun samfélagssmiðla á þessum tíma. Þá liggja fyrir gögn um rannsóknir lögreglu á farsímanotkun C og annarra eins og síðar greinir.

I, heimilislæknir, skoðaði ákærða og tók sýni og er vottorð hans þar um dagsett 20. apríl 2024. Er einnig í málinu vottorð I dagsett 22. sama mánaðar vegna endurtekinnar skoðunar að beiðni lögreglu. Í fyrra vottorðinu er greint frá því að ákærði hafi að eigin sögn verið undir áhrifum áfengis. Kemur fram að hann sé að eigin sögn réttthentur. Lýsingin er um að ákærði sé vakandi og áttaður og ekki með áverka eða með merki um blóð eða grun um vessa á höfði, brjóstkassa, kvið, baki eða á kynfærum. Þá segir um efri útlími: „*Handarbaksmegin, yfir hnúum vísifingurs og löngutangar (MCP II og III) er blámasvæði og væg bólga. Sé ekki blóð eða grun um vessa.*“ Ekki séu sjáanlegir áverkar á neðri útlimum. Er greint frá sýnatöku en samantekt/álit er á þessa leið: „*Ummerki áverka á tveim hnúum hægri handar af óvissum aldri. Undirritaður ráðleggur frekara mat réttarmeinafræðings á útliti til frekara mats. Engir aðrir áverkar finnast.*“ Um skoðun á ákærða þann 21. apríl 2024 samkvæmt vottorði, dags. degi síðar, segir um hægri hönd: „*Áfram blámi og væg bólga yfir hnúum vísifingurs og löngutangar (MCP II og III), örlítið minna áberandi nú en í gær.*“ Um vinstri hönd segir: „*Fram eru komnar vægar húðbreytingar, með roða/bláma yfir hnúum vísifingurs og löngutangar (MCP II og III). Lófamegin, yfir nærlið litlafingurs er lítið 1x3mm svæði, er líkist blóðfylltri blöðru eða sári.*“

Að beiðni lögreglu var E, réttarlæknir, fenginn til að skoða tiltekin gögn og læknisvottorð varðandi ákærða en um var að ræða spurningu um hvernig áverkar hefðu komið til og hvort áhöld hefðu verið notuð við manndrápið, eins og þar segir. Er í mati E frá 15. nóvember 2024 vísað til efnis vottorðs I, en um samantekt úr innsendu myndefni segir: „*Með gögnum fylgja 12 litljósmyndir sem sýna hendur hins rannsakaða. Myndirnar eru af nokkuð síðri gæðum er kemur að skerpu og lýsingu. Þannig er erfitt að lesa nákvæmlega í litanúansa. – Hendurnar eru svolítið grófar almennt; á útsettum svæðum,*

*Það er hnúum, réttihlutum fingra, naglsvæðum og lófum koma fyrir litasviptingar sem ekki er nærtækast að túlka sem áverka. – Á beygihlið vinstri litlafingurs, mótsvarandi nærliðnum sést um 01 cm þverlæg dökk litabreyting sem „ekki er óyggjandi sár.“ Í niðurstöðum kemur fram að engir óyggjandi áverkar hafi komið fram við skoðun undirritaðs á innsendum gögnum. Er síðan gerð svofelld athugasemd: „Sá blámi á hægri hendinni sem lýst er af lækni við skoðun kemur ekki óyggjandi fram á innsendum ljósmyndum. Þetta útilokar þó ekki að breyting eins og læknirinn lýsir hafi legið fyrir en ekki skilað sér á ljósmyndina. Af rannsókninni er ekki hægt að ákvarða hvort áhöldum hafi verið beitt af hinum rannsakaða við manndráp eða ekki.“*

I skoðaði einnig C að beiðni lögreglu í tvígang, sömu daga og ákærði þá vel áttaður. Áverkar, blóð eða grunur um vessa, sjáist ekki á höfði, brjóstkassa, kvið, baki eða kynfærum. Um efri útlimi segir: „*Báðar hendur, úlnlið og fram á fingur eru með töluverðum bjúg og bláma. Í lófa, vinstra megin er um 3-4mm blettur er hefur útlit blóðs. Eftir sýnatöku er ekki sjáanlegt sár þar undir. Engin eymali yfir smábeinum handa við þreifingu.*“ Ekki eru áverkar á neðri útlimum sjáanlegir. Þá er fjallað um sýnatöku. Í samantekt/áliti segir: „*Engin klár áverkamerki finnast. Mat í höndum erfitt vegna bláma og litabreytinga vegna bjúgs. Í lófa finnst lítill blóðlitaður blettur, án þess að sjáanlegt sár væri þar undir. Undirritaður ráðleggur lögreglu að fá frekara mat réttarmeinafræðings á höndum m.t.t. áverka.*“ Um skoðun 21. apríl 2024 samkvæmt vottorði degi síðar er greint frá að í fyrra vottorði hafi verið töluverður bjúgur og blámi á höndum sem gert hafi mat m.t.t. áverka erfitt. Miðað við skoðun þann 21. apríl [svo] hafi bjúgur að miklu leyti hörfað og mat auðveldara. Telur læknirinn því ekki sérstaklega þurfa endurmat réttarmeinafræðings að svo stöddu en ef vafi sé í málinu er ráðlagt mat hans á þeim ljósmyndum sem fyrir liggja. Um hægri hönd segir: „*Órlitlir sár, eða hrufl, handarbaksmegin ofan litlafingurs (Yfir beini MC V) og yfir hnúa (MCP IV) baugfingurs. Það er fól/gul húðbreyting komin fram handarbaksmegin, milli svæða beina MC I og MC II.*“ Um vinstri hönd segir: „*Lítill sár eða hrufl sveifarmegin, yfir nærkjúku löngutangar og sveifarmegin yfir beini MC I ofan þumals*“.

I skoðaði D 20. og 21. apríl 2024 og segir um fyrri skoðunina að D segi roðasvæði um vinstri úlnlið sé eftir úr hans. Einn blettur sé á bringu sem hafi útlit marblettis. Önnur klár áverkamerki finnast ekki við skoðun. Í vottorði um síðari skoðunina er sams konar

fyrirvari og í vottorði um skoðun á C varðandi bjúg og bláma og að ekki sé að svo stöddu talin þörf á endurmati réttarmeinafræðings. Ekki er þó minnst á bláma eða bjúg í fyrri skoðuninni. Segir um hægri hönd að fram sé kominn vægur roði yfir hnúum vísifingurs og löngutangar (MCP II og III). Ölnarmegin á þumalfingri, fjær sé um 3mm grunnt hruflsár. Um vinstri hönd segir að á handarbaki, rétt fjarlægt enda ölnar, sé föl/gul húðbreyting um 15-20mm í þvermál. Á handlegg, nálægt enda ölnar, séu tvær þverlægar roðaendur, um 2x35mm að stærð. Í samantekt I um skoðun á B segir „Útlit roða-randar á vinstra baugfingri hefur útlit eldra örs að mati undirritaðs. Sár á höfði af óræðri tilurð, mjög grunnt og lítið hruflsár með blóðstorku.“ Er þó talað um vinstri vísifingur í lýsingu efri útlíma. Í vottorði um skoðun dagsinn eftir segir um hægri hönd: „Lófamegin, yfir lið þumalfingurs (IP liður) er lítið grunnt 1-2mm sár á húð.“ Vinstri hönd sé óbreytt frá fyrri skoðun.

Fyrir liggja rannsóknir tæknideildar lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu 5. júlí 2024 á DNA sýnum sem varðveitt höfðu verið við vettvangsrannsókn, við réttarkrufningu, við réttarlæknisskoðun á grunuðum, C, fatnaði grunaðs, ákærða og við rannsókn á skóm, haldlögðum við vettvangsrannsókn. Naut tæknideildin aðstoðar „Nationellt Forensiskt Centrum“ við rannsóknina. Rannsókuð voru sýni af fatnaði ákærða, þ.e. af belti á náttsloppi, af sóla á hægri inniskó og af framhlið buxna en rannsókn hafi staðfest að blóð var þar til staðar. Eru niðurstöður á þann veg að greiningar á sýnum úr fatnaði ákærða hafi leitt í ljós að öll sýnin hefðu sama DNA snið eins og DNA snið hins látna, A. Liggja einnig fyrir niðurstöður rannsókna á sýni af ætluðu blóði á gólfi í herbergi hins látna og ætluðu blóði í laki og á dýnu í herbergi hins látna en á þeim sýnum var staðfest blóð. Greiningar á sýnunum leiddu í ljós að bæði sýnin hefðu sama DNA snið og að það hafi verið eins og DNA snið hins látna. Þá er getið um sýni af blóði úr C sem reynst hafi haft sama DNA snið og úr honum sjálfum. Þá er getið um sýni sem tekið hafi verið úr réttarkrufningu á hinum látna, sýni úr skóm og fleira. Niðurstaða rannsókna tæknideildarinnar er reifuð í skýrslu hennar. Send hafi verið 17 sýni sem varðveitt hefðu verið við rannsókn málsins. Þrjú hafi verið varðveitt úr fatnaði ákærða, tvö sýni varðveitt við vettvangsrannsókn, eitt sýni varðveitt við réttarlæknisskoðun á grunuðum, C, eitt varðveitt við réttarkrufningu á hinum látna og tíu sýni varðveitt við rannsóknir á skóm, haldlögðum á vettvangi. Frumrannsókn á sýnunum hafi staðfest að blóð hafi ekki verið til staðar í sýnum sem varðveitt hafi verið af skóm, en blóð staðfest í öllum öðrum sýnum.

Sýnin hafi þá verið rannsökuð áfram og þau greind með DNA greiningaraðferðum. Niðurstöður þeirra greininga hafi leitt í ljós að öll þrjú sýnin sem varðveitt hafi verið úr fatnaði ákærða svo og bæði sýnin sem varðveitt hafi verið við vettvangsrannsókn hefðu öll sama DNA snið og það snið hafi verið eins og DNA snið hins látna. Greining á sýni sem varðveitt hafi verið við réttarkrufningu hafi leitt í ljós að DNA snið þess hafi einnig verið eins og DNA snið hins látna. Greining á sýni sem varðveitt hafi verið við réttarlæknisskoðun á C hafi leitt í ljós að DNA snið sýnisins hafi verið eins og DNA snið hans sjálfs. Greiningar á sýnum sem varðveitt hefðu verið við rannsóknir á skóm hafi leitt í ljós að í einu sýni hafi komið fram blanda DNA sniða. Það snið sem verið hafi í meirihluta í sýninu hafi verið eins og DNA ákærða en það sem var í minni hluta hafi ekki verið unnt að samkenna við einstakling. Liggja fyrir gögn þessum rannsóknum til stuðnings og athugun á öðrum fatnaði, rannsókn á gögnum vegna réttarlæknisskoðunar á C og rannsóknir á munum úr sumarbústaðnum. Þá fylgja rannsóknunum ljósmyndir.

Skýrsla liggur fyrir um útvíkkaða réttarkrufningu á líki hins látna sem fram fór 22. apríl 2024. Er skýrslan undirrituð 20. júní sama ár af E réttarlækni og J, réttarlækni. Skýrslan geymir ítarlega lýsingu á líki hins látna, áverkum og öðrum ummerkjum á líkinu. Áverkarnir eru númeraðir og skýrðir nákvæmlega og rannsökuð önnur einkenni eins og sjúkdómateikn. Þá er lýsing krufningarinnar ítarleg. Eru niðurstöður dregnar saman og getið ummerkja sljórra krafta gegn höfði og hálsi, bol auk efri og neðri útlíma. Um tilurð áverka er tekið fram að það sem fram hafi komið við sviðsetningu 21. maí 2024 skýri ekki áverkamyndina sem fram hafi komið við rannsóknina. Segir í niðurstöðu skýrslunnar að útlit, staðsetning og eðli áverkanna í hvítu hjarnans, heilastofninum og litla heilanum bendi sterklega til þess að þeir hafi komið til fyrir sljóa krafta gegn höfðinu og að þeir hafi, fyrir náttúrulega en ósamleita hreyfitregðu miðtaugakerfisvefjarins, hlotið útrás djúpt í vefnum sem snörp hröðun á fáeinum stöðum með kjölfarandi staðbundinni vefjarflögun sem yfirstigið hafi teygjanleg mörk vefjarins og viðnám hans gegn sundrunu og orsakað vefjarof. Með hliðsjón af ytri áverkunum á vinstra gagnauga-, hvirfil- og hnakkasvæði höfuðsins og áverkunum á vinstra eyrnasvæðinu og niður á vinstri hlið andlitsins og hálsins tali þetta samantekið fyrir því að hann hafi mótttekið mörg hliðarhögg í höfuðið og að snöggt bragð sumra þeirra hafi haft magn til að orsaka téðar innri hröðunarbreytingar. Útlit marsins á neðanverðum heilaberkinum á vinstra ennis-, gagnauga- og hnakkasvæðinu bendi sterklega til þess að það hafi komið til við

beinan steyt gegn höfðinu og í ljósi áverkanna á höfðinu sé að ætla að það hafi komið til vegna þeirra högga. Hinar staðbundnu, fíngerðu innan skúmsblæðingar hafi staðsetningu og útlit sem nærtækast skýrist af sömu kröftum og heilahvítuáverkarnir. Eðli, staðsetning og útbreiðsla nefndra áverka bendi sterklega til þess að annar maður hafi veitt honum þá, t.d. í formi endurtekinnna sparka í höfuðið. Sagt er um mótaðar leðurhúðablæðingu að í áverkanum felist að hluta mynd þess yfirborðs sem hafi steytt á höfðinu og útlit hans tali fyrir því að um sé að ræða eina ákomu – að hið minnsta partur af yfirborðinu sé upphleyptur með minnst þremur til fjórum gleiðum, bogadregnum, upphleyptum hryggjum, tveimur um 0,7 cm breiðum og einn 0,3 cm, nærri samsíða. Vikið er að vinstri hlið hálsins þar sem sjáist einnig mótuð leðurhúðarblæðing þar sem gera mætti ráð fyrir að ákomuyfirborð hafi þá eiginleika að skilja eftir sig fíngerðar línur og þröngt einfalt horn. Einnig er vikið að skrámu fremst á hægri hvirfilsvæðinu með undirliggjandi mjúkvefjablæðingu og undirliggjandi staðbundinni innanskúmsblæðingu á hægri hvirfilsvæði sem bendi sterklega til að áverkinn hafi komið fyrir sljóan kraft í formi steys gegnt hörðu eða tregeftirgefanelgu yfirborði með ákomu á hægri fremri hvirfilsvæðið. Útlit og staðsetning áverkans geti bent til að hann hafi verið veittur af öðrum manni í formi höggs með sljóu áhaldi eða eigin limum. Í skýrslunni er útlit slímhúðaráverkanna í munnslímhúð sagt benda sterklega til að þeir hafi komið til við sljóan kraft gegnt munnvæði. Útlit og eðli geti bent til þess að áverkarnir hafi verið veittir af öðrum manni í formi þrýstings eða högga yfir munnsvæði. Samhengi við blæðinga í mjúkvef í hægri hluta háls, punktblæðinga í slímhúð munns og augna, og á augnlokum vinstra auga og yfirþans á lungum gefi til kynna þann möguleika að tekið hafi verið um munn og/eða háls í ferlinu og haldið um stund, þótt einnig sé þekkt að kviðarlega í dauðanum eða skömmu eftir hann kunni hjá sumum að valda fíngerðum blæðingum í vöðvum fremri hólf hálsins og punktblæðingum í andliti. Fjallað er um skrámur í hægri hluta ennis og augnsvæði og undirhúðarblæðingu. Bendi það sterklega til að það hafi komið til fyrir sljóa krafta. Útlit skrámu á vinstri augnsvæði bendi til að hún hafi komið til fyrir sljóan og skáhallan eða skrapandi kraft. Útlit skrámana á hægri hluta ennis geti skýrst af falli móti hörðu, kyrrstæðu yfirborði sem höggum annars manns. Útlit skráma á augnsvæðum og undirhúðarblæðingar og staðsetningar geti bent til að þær hafi orðið fyrir virkan kraft, sem högg veitt af öðrum manni.

Í skýrslunni er einnig vikið að undirhúðarblæðingum á nefi sem bendi sterklega til að hafi komið til fyrir steyt eða þrýsting og geti skýrst af eigin falli eða steyt mót hörðu yfirborði, sem höggi veittu af öðrum manni. Blæðing í hægri höfuðfeðmingsvöðva bendi sterklega til að hafa komið til fyrir sljóan kraft í formi steys mót hörðu yfirborði og hafi staðsetningu sem skýrst geti af falli mót hörðu undirlagi. Blæðingar í vinstri sjalvöðva, mjúkvefjablæðing á brjósthrygg og lendhrygg og í hægri síðu bendi sterklega til að hafa komið til fyrir sljóan kraft í formi steyta. Útlit leðurhúðarmars á vinstri hluta brjóstkassa og brotanna gegnum vinstri rif sjö og ellefu bendi sterklega til að þau hafi komið til fyrir þrýsting eða steyt gegnt vinstri hluta brjóstkassans. Ekki sé hægt að útiloka að þessir áverkar hafi komið til við einn og sama kraftatburðinn. Brotið gegnum sjöunda rifið vinstra megin hafi staðsetningu og umfang sem gæti einnig skýrst af tilraun til endurlífgunar í formi hjartahnoðs. Leðurhúðarmar á hægri úlnlið og undirhúðarblæðingar þar hafi útlit og staðsetningu sem bendi sterklega til að þær hafi komið til fyrir þrýsting gegnt svæðunum. Staðsetning og eðli áverkanna gæti skýrst að af því að annar maður hefði valdið þrýstingi, t.d. í formi taks með eigin höndum. Undirhúðarblæðingar á handarbökum bendi sterklega til að þær hafi komið til við þrýsting eða steyta. Þess konar áverkar á þessum stað geti skýrst af því að reynt hafi verið að bera hendur fyrir höfuð til að verjast höggum en séu ekki háserækir fyrir eingöngu þá tilurð. Útlit áverka á utanverðum og innanverðum hægri olnboga, utanverðum vinstri upphandleggnum, innanverðum og utanverðum vinstri olnboga, í hægri þríhöfðavöðva bendi sterklega til að þeir hafi komið til fyrir steyta eða þrýsting gegnt höfðinu eða tregeftirgefanelgu yfirborði og geti skýrst af jafnt höggum veittum af öðrum manni eða eigin slysi. Útlit blæðinga djúpt á hægri mjaðmarsvæði og á vinstra læri bendi til að þær hafi komið til fyrir sljóan kraft í formi steyta gegnt svæðinu. Útlit undirbúðarblæðingar á vinstra nárasvæði bendi sterklega til að hún hafi komið til fyrir sljóan kraft í formi steys eða þrýsting gegnt framanverðu vinstra mjaðmarbeini. Útlit sársins á réttihluta vinstri þumals bendi sterklega til að það hafi komið til fyrir sljóan kraft í formi skröpunar gegnt hrjúfu yfirborði eða hörðum kanti.

Í skýrslunni segir að ofantaldir áverkar séu ferskir og hafi útlit sem samræmist því að þeir hafi komið til skömmu fyrir dauðann að undanskildum áverkum sem hafi útlit sem bendi til að þeir hafi komið til einum eða fleiri sólarhringum áður. Um þá síðasttöldu er

vísað til númera sem vísa til áverka á efri vör, skrámur á hægri þumli, í húð og undir  
nögl vinstri þumals, skrámu á vinstri vísifingri og undirhúðarblæðingar á hægri læri.

Samandregið eru rannsóknarniðurstöður sagðar benda til þess að dauðsfallið hafi verið  
afleiðing áverka sem annar maður hafi veitt (manndráp) og að þær bendi sterklega til að  
dánarsorsökin hafi verið heilaáverkar. Í skýrslunni er um dánaratvik vísað í vissuskala  
sem birtur er neðanmáls en samkvæmt honum telst það sem „bendir sterklega til“ vera  
næst á eftir því sem „bendir mjög sterklega til“ þar sem vissan sé mest. Fyrirnefnda  
viðmiðunin þýði að niðurstöðurnar hafi svipeinkenni sem séu dæmigerð, líkindi á öðrum  
möguleikum séu mjög litlir.

Meðan málið var til rannsóknar óskaði lögreglustjórinn á Suðurlandi eftir því að ákærði  
sætti geðrannsókn. Var K, geðlæknir og embættislæknir, dómkvaddur til þess og til að  
svara nánar tilgreindum spurningum. Var óskað eftir svári við því hvort ákærði væri  
sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hvort ástand hans hafi  
á þeim tíma er ætlað brot hafi átt sér stað verið með þeim hætti að 16. gr. sömu laga gæti  
átt við um hann og hvort refsing gæti borið árangur. Loks var óskað mats á því ef 15. og  
16. gr. ættu við um ákærða hvort nauðsynlegt þætti vegna réttaröryggis að gerðar skyldu  
ráðstafanir til að varna því að háski yrði af honum með því að hann sætti öruggri gæslu  
eða hvort beita skyldi vægari ráðstöfunum eða vistun á hæli, sbr. 62. og 63. gr. nefndra  
laga. Í matsgerð K frá 8. september 2024 er framangreindum spurningum svarað  
afdráttarlaust. Telur matsmaður að miðað við framlögð gögn og skoðun verði að ætla að  
ákvæði 15. gr. almennra hegningarlaga eigi alls ekki við um ákærða. Þá kemur fram að  
ljóst sé að ástand ákærða hafi fyrst og fremst verið litað af ölvun og að refsing geti borið  
árangur verði hann sekur fundinn. Ekki þyrfti að gera sérstakar öryggisráðstafanir vegna  
heilsufars ákærða og að 15. gr. eða 16. gr. laganna ætti ekki við um hann. Af hálfu ákærða  
hafa engar athugasemdir verið gerðar við niðurstöðu þessa og telst ákærði sakhæfur og  
aðstæður ekki þær sem lýst er í 16. gr. laganna.

## V.

Við aðalmeðferð málsins gaf ákærði skýrslu fyrir dómi. Þá gáfu skýrslu B, D, F, H og C,  
en hinn síðastnefndi hafði einnig gefið skýrslu fyrir dómi undir rannsókn þess á  
grundvelli 59. gr. laga nr. 88/2008. Þá gáfu skýrslu lögreglumenn nr. 2309, 2418, 0232,

1309, 1734, 9711 og 1935 og 2455. Gáfu einnig skýrslu sérfræðingar hjá lögreglu nr. S361 og N001. I, læknir gaf skýrslu, E réttarlæknir og K geðlæknir.

Í skýrslu ákærða kom fram að hann, A og C hefðu borðað og drukkið saman um föstudagskvöldið og haldið síðan áfram áfengisdrykkju saman til miðnættis. Kvað ákærði A hafa vakið sig um morguninn eftir milli kl. 6 og 7, kvartað um verk og viljað fá ákærða til að aka sér til læknis. Ákærði hafi ekki geta það en lagt til að hringt yrði í F. Til þess hafi þó ekki komið. Þeir hafi síðan verið í eldhúsinu þrír ýmist að drekka bjór eða kaffi. Greindi ákærði svo frá að A hafi verið drukknari og farið að hækka róminn, blóta og verið dónalegur. Fyrst hafi A og C rifist en síðan hafi A beint ófögurum orðum til ákærða. Ákærði hafi orðið reiður og lamið A, þar sem hann sat í stól í eldhúsinu, í andlitið. Gat ákærði ekki fullyrt hvort hann hafi slegið A einu sinni eða tvisvar eða af hve miklu afli en A hafi dottið á gólfið úr stólnum. Gat ákærði ekki munað hvort höfuð A hafi við það skollíð á gólfið. Mundi ákærði ekki eftir að hafa séð blóð á A, kannski hafi verið einhver dropi. Ákærði hafi hjálpað honum að standa upp og fara inn í herbergið sitt. Greindi ákærði fyrst svo frá fyrir dómi að eftir þetta hafi hann ekki séð hann meir. Kvað ákærði C hafa verið viðstaddan þegar þetta hafi gerst og hljóti að hafa séð til. C hafi þó ekkert sagt. Sagði ákærði aðspurður að A hafi verið með roða í andliti eftir þetta, rétt á kinninni. Ákærði hafi hjálpað A að standa upp og leitt hann inn í rúm. Ákærði hafi síðan verkið vakinn þegar lögreglan hafi verið mætt á staðinn.

Síðar í framburði ákærða kvað hann A, eftir að ákærði hefði leitt hann inn í rúm, hafa klifrað upp og inn til ákærða í gegnum glugga. Ákærði hafi þá legið í rúmi sínu. Spurður út í þetta miðað við fyrri framburð um að ákærði hafi síðast séð A eftir að hafa leitt hann inn í rúm kvað ákærða hafa séð skuggann af A eftir að hann hefði klifrað upp í herbergið til ákærða. Þeir hafi þó eitthvað rætt saman, en e.t.v. hefði hann aðeins kíkt inn um gluggann en ekki komið inn í herbergið.

Eftir að ákærði hafi verið vakinn af lögreglu hafi komið í ljós að tveir aðrir hafi verið í húsinu sem hann hafi þó ekki vitað um fyrr en eftir handtöku. Spurður um klæðnað kvaðst ákærði hafa verið í sömu fötunum frá föstudagskvöldinu 19. apríl 2024 og uns hann hafi verið handtekinn daginn eftir, í slopp, bol, buxum og inniskóm. Í þessum fötum hafi hann verið búinn að vera í nokkra daga og fyrir föstudaginn umrædda.

Fyrir dómi kvað ákærði A hafa slasast á fingri og að ákærði hafi hjálpað með að búa þar um. Þetta hafi verið annað hvort á fimmtudeginum eða föstudeginum. Mundi ákærði aðspurður þó ekki eftir að blætt hefði úr ákærða er hann hafi aðstoðað hann inn í rúmið.

Ákærði var spurður út í efni skýrslna sem hann gaf hjá lögreglu, meðal annars um af hverju hann hefði ekki við fyrstu skýrslutöku greint frá því að hafa slegið A en ákærði kvaðst enn hafa verið drukkinn og í áfalli. Var ákærði einnig spurður út í annað sem fram hefði komið í skýrslum hjá lögreglu. Skýrði ákærði nánar framburð sinn þar og fyrir dómi um hvort hann hefði aðstoðað A inn í rúm eftir að hafa slegið hann og síðan farið út að reykja með C eða stutt A í rúmið eftir að hafa farið út með C. Hann hafi verið að reyna að púsla saman og annað misræmi í framburðum kynni að stafa af álagi eða áhrifum áfengis er hann hafi svarað fyrst hjá lögreglu. Kvað ákærði atburðarásina hafa verið þannig að hann hefði slegið A, hjálpað honum að standa upp, fylgt honum í herbergið, farið út að reykja með C og síðan upp í herbergið sitt.

Um skoðun læknis á höndum ákærða og myndir af þeim kvað ákærði hendur sínar líta út eins og nú og þá. Þá voru borinn undir ákærða fyrri framburður hjá lögreglu um að blóð A hefði fundist á fatnaði ákærða ítrekaði ákærði að það kynni að hafa gerst þegar hann hafi vafið um sár A eftir að sá hafi skorið sig, á fimmtudeginum fremur en föstudeginum.

Í skýrslu C fyrir dómi kom fram að þeir hefðu þrír komið heim og verið að drekka áfengi til kl. 20 og síðan farið hver í sitt herbergi, hinir hafi þó verið lengur í eldhúsinu en hann. Vitnið hafi farið inn til sín, horft á bíómynd og sofnað yfir henni. Milli kl. 6:30 og 7 hafi hann vaknað og farið inn í eldhús, en A og ákærði þá verið vakandi. Vitnið hafi fengið sér kaffi og farið aftur til síns herbergis. Þegar hann hafi farið á salernið hafi hann séð A þar sem hann hafi legið á gólfinu og hafi vitnið spurt hvað gerst hefði. Hefði ákærði sagt hann hafa dottið í gólfið og væri fullur. Vitnið hafi þá aftur farið inn í herbergið sitt og eftir klukku tíma farið fram, en hann væri sykursjúkur og notaði insulín. Þegar hann hafi farið fram hafi A ekki lengur verið á gólfinu eins og fyrr heldur í herbergi sínu án þess að vitnið hafi vitað hvernig hann hafi komist þangað. Kvað vitnið þetta hafa verið um kl. 11 eða 11:30 en það væri ágiskun. Hafi vitninu þótt skrytið að enginn væri vakandi því þeir hefðu ákveðið að fara í picnic. Vitnið hafi litið inn í herbergi A, fundist hann vera

sofandi og spurt einhvers án þess að fá svar. Þá hafi hann hringt í yfirmann sinn, F og hann hafi síðan haft samband við D. Það hafi þurft að kíkja í bústaðinn og kanna með aðstæður. Það hafi liðið um klukkutími eða liðlega það uns hann hafi verið mættur á staðinn. E.t.v. hafi hann áður hringt í H en áður en þeir hafi verið handteknir og þá hafi vitnið ekki vitað um þessi atvik. Mundi vitnið ekki eftir að hafa sagt H að einhver væri hugsanlega slasaður þarna. Spurður um hvort C kannaðist við að A hafi kvartað undan verkjum í líkamanum þegar hann hafi hitt hann fyrst um morguninn svaraði C játandi og minnti að A hefði sagst hafa dottið niður stigana þar sem ákærði býr á efri hæð. Hann hafi verið í bol og engir áverkar sést og ekki á höfði. Hann hafi spurt A hvort hann vildi ekki bera á sig Voltaren krem ef hann fyndi til en A ekki viljað það og haldið áfram að drekka.

Aðspurður kvaðst C ekki kannast við að A hefði skorist á höndum á föstudags- eða fimmtudagskvöldinu við matarundirbúning og ekki séð ákærða binda um sár eða að kvartað hefði verið. Um framburð ákærða þess efnis að vitnið hefð séð ákærða slá A kvaðst vitnið ekkert hafa séð og gæti ekki frá því sagt – hann hefði ekki orðið vitni að þessu og ekki séð. Undir vitnið var borið hvort hann hefði, er verið var að reyna að endurlífga A, heyrt ákærða kalla og spyrja „er hann í alvörunni dáinn“, en vitnið kvað svo ekki hafa verið. Ákærði hefði ekki kallað það til sín. Vitnið hafi sjálft farið til D og B og spurt hvað væri í gangi, þeir svarað að A væri látinn. Vitnið hefði þá beðið enda hefðu D og B hringt í sjúkrahús og lögreglu en eftir að lögregla kom á vettvang hafi hann verið úti að reykja. Kvaðst vitnið aðspurt ekki hafa aðstoðað við endurlífgun enda lítið pláss í herberginu.

Vitnið var spurt að því hvort það hefði heyrt skarkala eða læti eftir að hafa hitt A um morguninn meðan það var inni í herbergi sínu uns það kom fram aftur og sá A liggjandi á maga. Kvaðst vitnið hafa verið með lokaðar dyr og ekkert heyrt. Vitnið hefði notað heyrnartól til að horfa á myndefni og að einhverju leyti þegar hann ræddi við fólk í síma en mundi það ekki nákvæmlega. Um hvort vitnið hefði séð áverka á A þegar hann hafi legið á maganum, kvað vitnið ekkert hafa séð en ekki farið nálægt honum. Vitnið hafi reynt að tala við A, hann ekki svarað og vitnið farið úr herberginu. Ef hann hefði séð eitthvað á þessum tíma hefði hann haft afskipti af. Um hvort þeir þrír hefðu rifist eitthvað

um peningamál þarna um morguninn kvað vitnið hafa lánað A 20.000 krónur en ekki hefði komið til rifrildis.

F bar fyrir dómi að C hefði hringt í sig umræddan morgun rúmlega kl. 11. Hafi hann sagt vitninu að eitthvað vandamál hefði komið upp. Vitnið hafi þá verið upptekið og sagst ætla að hringja aftur sem það gerði 30 til 40 mínútum síðar. Þá hafi C sagst hafa áhyggjur, einn maður væri í hættu og það gæti endað illa. C hafi ekki viljað gefa upp nafn þess og ekki vilja kлага. Hafi C óskað eftir því að einhver myndi koma en ekki talað um hvað komið hafi fyrir. Síðan hafi D og B haldið af stað um hádegisbil eða seinna. Spurður út í skýrslugjöf hjá lögreglu 21. apríl 2024 um að vitnið hefði sagst hafa fengið símtal frá C kl. 10:47 um morguninn með beiðni um að skutla manni á spítala sem dottið hefði niður stiga, kvaðst vitnið kannast við það. Nafn þess sem dottið hefði hafi ekki verið gefið upp. Spurður um framburð þess efnis að hafa aftur talað við C í síma og að hann hafi þá sagt ákærða og A hafa verið að rífast og í átökum kvaðst vitnið ekki muna en að svo gæti hafa verið. Kvaðst vitnið þó muna að hafa spurt C hvort hann hefði sjálfur eitthvað gert en því verið svarað neitandi. Spurður um skýrslugjöf 14. maí hjá lögreglu um að vitnið hafi sagt að í samtalinu við C um að koma þyrfti sjúkrabíll til þeirra til að forðast afleiðingar – endað gæti illa og hann talað um áfengisdrykkju og ákærði og A hafi slegið, kvaðst vitnið ekki muna. Nánar spurður um hvort í samtalinu hafi verið talað um að maður hafi dottið niður stiga eða að það hafi verið slagsmál kvaðst vitnið muna eftir stiga og að maður hefði dottið. Kvaðst vitnið hafa spurt C hvort eitthvað meira hefði gerst og þá hefði C ekki sagst ætla að kлага og ekki svarað spurningunni. Kvaðst vitnið fyrir dómi þó ekki muna eftir umræðum um slagsmál.

H kvaðst fyrir dómi muna að hafa átt samtöl við C að morgni 20. apríl 2024. Daginn áður eða á föstudeginum hefði hann talað við C og sagst ætla að koma til hans daginn eftir. Þann dag hafi hann vaknað og þeir átt símtal og þá hafi eitthvað grunsamlegt verið, hann annað hvort þunnur eða undir áhrifum. Þess vegna hafi vitnið ákveðið að fara ekki. C hafi nefnt að gott væri að fá aðstoð í sumarbústaðinn, vitnið hafi látið sér detta í hug matareitrun eða eitthvað því líkt en ekki spurt nánar. Aðspurt kvað vitnið C ekki hafa rætt um hvað gerst hefði en nefnt eins og vantaði hjálp og nefnt sjúkrabíl. Spurður út í skýrslugjöf 10. maí 2024 þar sem fram hafi komið að í samtalinu hafi verið nefnt um sjúkrabíl fyrir einn mann því hann væri slasaður og hvort hann hefði talað um meiðsl,

kvað vitnið hann ekki hafa talað um meiðsl á þessum manni eða hvernig hann væri slasaður. Vitnið hafi ekki vitað hvað gerst hefði fyrr en sonur sinn F hafi hringt og látið vita.

D gaf skýrslu fyrir dómi. Kom fram að A hefði hringt í vitnið rúmlega kl. 7 að morgni og sagt að hann væri slasaður, en verið undir áhrifum áfengis. Vitnið hafi sagt honum að biðja C um að aka með hann á spítala. Þá hafi komið í ljós að sá hafi einnig verið undir áhrifum áfengis. C hafi hringt í F og beðið hann um aksturinn á spítala. Vitnið greindi svo frá að F hafi komið að máli við sig rúmlega kl. 11 og sagt að eitthvað rifrildi væri á milli þeirra. Kvað vitnið rétt vera að hann hafi hitt F á verkstæði fyrirtækisins og hann sagst hafa talað við C. C hefði tjáð F að mögulega þyrfti að fá einhverja yfirmenn á staðinn og spítali nefndur. Hann hafi nefnt eitthvað rifrildi milli ákærða og A.

Vitnið og B hafi því ákveðið að fara í sumarbústaðinn til að kanna málið. Er þeir hafi komið á staðinn hafi allir verið sofandi í herbergjum. Hafi sést í stofunni að þar hafi verið partí og brotinn stóll. Þeir hafi farið í herbergin, en C og A hafi verið á fyrstu hæð en sá þriðji á þeirri efri. Þeir hafi opnað herbergi A og haldið hann vera sofandi og hugsað með sér að snúa til baka til [...] og bíða eftir að þeir vöknudu og jöfnudu sig. Vitnið kvaðst hafa breytt um skoðun og þeir hafi reynt að vekja A, en við snertingu hafi hann reynst kaldur. Þeir hafi strax hringt í sjúkrahús og farið að reyna endurlífgun. Síðan hafi lögregla og sjúkralið komið. Nánar spurður hafi A legið á maganum þegar D kom inn í herbergið með höfuðið snúið og eyrað blátt.

Spurður um hvort D hefði rætt eitthvað við ákærða eða C þegar þeir fóru þarna inn kvað hann ákærða hafa verið sofandi á annarri hæðinni en C vaknað og verið hissa að sjá þá þarna komna. Vitnið hefði spurt hann hvað gerst hefði en ekki fengið svar. Spurt um hvort ákærði hefði kallað eitthvað niður er þeir reyndu endurlífgun kvað vitnið ákærða hafa kallað niður og spurt C hvort A væri dáinn eða á lífi, en mundi ekki nákvæmlega orðaval. Þetta hafi verið áður en lögregla og sjúkralið mætti á staðinn. Meðan þeir hafi reynt endurlífgun hafi ákærði verið uppi og C úti að reykja. Ekkert hafi heyrst í þeim. Vitnið kannaðist við skýrslugjöf hjá lögreglu 20. og 29. apríl og 14. maí 2024. Um að hann hafi samkvæmt skýrslu ekki orðið var við ákærða og verið með alla athygli á endurlífguninni en í annarri heyrst hann kalla, hvað vitnið það rétt. B hafi farið upp til að athuga með ákærða en hann séð ákærða fyrst þegar hann hafi verið handtekinn.

Fram kom hjá vitninu að mennirnir þrír hefðu búið í bústaðnum um mánaðartíma eða hálfum betur. Spurður um hvernig þeim hefði samið kvað vitnið þá vera vinnuhóp og hafa unnið vel saman, ekkert alvarlegt hefði komið upp.

Í skýrslu fyrir dómi kvaðst B muna eftir að hafa verið staddur á verkstæðinu með D og hitt F. Um hvort það hafi verið þá sem hann vissi fyrst um atburði í sumarhúsinu kvað B hafa vitað það áður því A hafi hringt í þá snemma morguns, líklega í D. Á verkstæðinu hafi F sagt að eitthvað alvarlegt væri í gangi þarna og að þeir ættu að fara til að athuga. Spurður um hvort hann vissi við hvern F hefði talað kvað D það hafa verið fullorðinn maður, einhver ættingi. Um hvort það gæti hafa verið C kvað hann svo vera en sá hefði búið með ákærða og A. Þeir D hefðu síðan farið inn í húsið og fyrst spurt C hvar hinir voru og hvað hefði komið fyrir. Við hliðina á herbergi C hafi verið herbergi A. Er þeir hafi komið í herbergi A hafi þeir séð hann illa meiddan eða slasaðan. Næst hafi B farið í herbergi ákærða og spurt hvað væri í gangi því það hafi verið mjög óljóst. Hann hafi beðið ákærða um að koma niður til að tala um hvað hefði gerst, ákærði fallist á það en ekki komið niður. B hafi farið aftur í herbergi til A og D þá sagt að hann væri dáinn. B hafi hringt í neyðarlínuna, þeim sagt að leggja ekki á og síðan fengið leiðbeiningar um hvað gera ætti. Þeir hafi reynt endurlífgun allt þangað til lögregla og sjúkralið hafi komið. Spurður um hvort B kannaðist við að þegar endurlífgun hafi verið reynd hafi ákærði kallað og spurt úr herbergi sínu hvort A væri dáinn, kvaðst B ekki hafa heyrt það. Hann hefði ekkert heyrt hann segja og ekki séð hann fyrr en hann var handtekinn enda ekki komið niður. Vitnið mundi ekki eftir að hafa séð brotinn stól í eldhúsinu en vera kynni að það hefði hann munað það betur í skýrslu hjá lögreglu. Spurður um hvor sést hefðu áverkar á A kvað B höfuðið hafa verið alveg blátt á litinn. Hann hefði ekki séð skrámur eða annað enda A verið í fötum og þeir ekki klætt hann úr þeim þegar þeir hafi tekið hann af rúminu og hafið endurlífgun. Minnti vitnið að meðan á því hafi staðið hafi C farið út að reykja og farið síðan aftur í herbergið sitt. Aðspurður kvað B þá þeim þremur hafa samið vel eftir því sem hann vissi.

E réttarlæknir gaf ítarlega skýrslu fyrir dómi. Staðfesti hann skýrslu sína og J frá 20. júní 2024. Fram kom að hann hefði tvisvar komið og skoðað vettvanginn þar sem atvik hefðu átt sér stað. Er hann hafi komið öðru sinni á vettvang hafi verið kannað hvort merki væru

um áhöld sem gætu tengst ákveðnum áverkum en það hefði ekki komið fram. Bornar voru undir E myndir af inniskóm ákærða og hvort sólinn passaði við leðurhúðarblæðingar en hann taldi ekkert sértækt koma fram í sólanum sem hægt væri að tengja við áverka. Langsótt væri að ætla að tiltekinn áverki nr. 17 og 30 væri eftir stimplun eða stig með þessum skóm þótt ekki væri unnt að útiloka. Ekki væri hægt að tengja skósólann beint við þetta.

Um athugun á dánarstund í skýrslu E frá 10. maí 2024 væri með ráðum gert að hafa orðalagið loðið enda ekki unnt að hitta nákvæmlega á tímann. Dánartímarannsóknir væru afar frumstæð vísindi og ekki unnt að nálgast tímann meira. Ekki væri vitað sannanlegt hitastig meðan hinn látni hafi legið og ekki hitastig hans við dauða. Ef aðeins væri hnikað til um eina gráðu gæti dánartímamatið færst jafnvel um klukkustundir í aðra hvora áttina. Þannig væru þetta afar ónákvæm vísindi.

Spurður um tímamark áverka á höfði hins látna og hvort hann hefði fengið þá í sömu atlögunni og beggja megin í höfuðið kvað vitnið engan mun vera á áverkunum í ferskleika og þá væri miðað við sólarhringinn áður en hann hafi látist. Varðandi áverkana á heilanum væri ljóst að hann hefði verið með það mikla áverka að hann hefði ekki lifað lengi með þá. Áverkar þeir væru afleiðing þess sem dunið hefði á höfðinu, en hvort aðrir áverkar sem tengdust því ekki beint kæmu við sama atvik væri ekki hægt að segja nema að því leyti að þeir hefðu þennan ferskleika og ekki byrjaðir að sýna aldur. Kvað vitnið hinn látna hafa lifað mjög stutt eftir að hafa fengið áverka á heilann, slíkir áverkar hefðu tilhneigingu til þess, eftir því sem mínútur og tugir mínútna líða, að breyta mikið um ásýnd og blæðingar væru miklu greinilegri og meira af vefjaskaða, vefurinn héldi áfram að skaddast þannig að breytingarnar væru í sjálfu sér fíngerðar þótt þær væru útbreiddar. Túlkaði vitnið það þannig að hinn látni hefði lifað fremur skemur en lengur með það. Hvort hinn látni hefði hlotið áverkana í rúminu kvaðst vitnið ekki geta sagt til um hvar hann hefði verið staddur eða í hvaða stellingu. Hvort hann hefði getað gengið sjálfur um leið og atlögu hefði lokið með áverkum á heila inn í rúm kvaðst vitnið efast um það. Áverkarnir kæmu sérstaklega niður á heilastofninum, allt sem færi frá og í heila færi um heilastofninn sem væri mjór og þar kæmu allir símar og greinar í gegn. Það væri þungapunktur fyrir vefjaskaða og þegar það væri úti þá væri líf og öll geta mjög lítil eða mjög fjarandi. Spurður um hvort þessir áverkar á hinum látna gæti skýrst af einum til

tveimur löðrungum og síðan samsvarandi falli úr stól úr sitjandi stöðu svaraði E neitandi, það gæti ekki skýrt þessa áverka. Vitnið nefndi, spurt um tímalengd frá atlögu uns áverkar væru sýnilegir, þrota hægra megin á enni, sem e.t.v. tæki tíma að myndast, mínútur hið minnsta, en hann væri með húðblæðingar og skrámur og marbletti sem ættu að sjást strax. Þekkt væri að áverkar af sumum þessum tegundum tækju menn ekki eftir en raka hefði þurft hár til að taka eftir þeim. Þegar allt væri afstaðið væri hann með áverka, þá dökku á enninu sem unnt hefði verið að greina á fyrstu mínútunum en þetta færi eftir hver liti á.

E svaraði spurningum um punktblæðingum og möguleika á köfnun. Vissulega hefðu verið punktblæðingar og hægt væri að tengja þær við mekaníska ákomu, hálstak eða þrýsting um brjóst, en aðrar ástæður gætu verið fyrir punktblæðingum, t.d. uppsölur, hósti, lega, en þær gætu líka orsakast af dánarferlinu sjálfu þegar hjartað væri að stöðvast. Hinn látni hafi verið með áverka á hálsi sem væru ekkert dæmigerðir fyrir kyrkingu eða hálstak, en gætu verið vegna högga sem hann fengi á hlið vinstri hálsins. Punktblæðingum yrði því að taka með fyrirvara, en með mögulegu samhengi við þá áverka sem fyrir lægju. Spurður um hvort fundist hefðu eldri áverkar á hinum látna sem gætu hafa haft meðvirkandi áhrif á andlátið kvaðst E hafa nefnt aldurinn á áverkunum og vísað væri til í skýrslunni sem ekki hafi verið lykiláverkar í dánarferlinu. Nefndi hann nokkra sem ekki hefðu tengst andlátinu eins og sár á vinstra þumli og skrámur á vísifingri sömu handar sem ekki væru meðvirkandi. Um mögulega varnaráverka sem vísað er til í skýrslunni kvað E þá vera jafn ferska og höfuðáverkana. Um væri að ræða ferskar húðblæðingar sem hann setti í sama aldursflokk og hinar, þetta væri á handarbökum og hefðu staðsetningu sem sæist við varnir en ekki endilega. Um vökva frá vitum taldi E hann ekki endilega stafa af endurlífgunartilraunum og ekki ástæða til að túlka sérstaklega.

E var spurður um tilurð áverkana samkvæmt skýrslunni, að hinn látni hefði móttekið mörg hliðarhögg í höfuðið og að bragð þeirra hefði verið snögg þannig að þau hefðu haft það magn að orsaka hröðunarbreytingar. Svaraði hann því til að áverkarnir, djúpt í heilanum sjálfum hefði það sérstaka við sig að þeir væru ekki komnir fyrir beint högg á þann stað þar sem áverkinn gerðist heldur út frá hreyfingum heilans háð hreyfingum höfuðsins. Hreyfingarnar þyrftu fyrst og fremst að vera snarpar og ná ákveðnum þunga

til þess að þetta gerðist, snerpan væri lykilatriðið og hliðarhögg væru líklegri en önnur til að valda þessum áverkum. Fleiri högg með snerpu ykju líkurnar á að svona áverkar yrðu og ykju við þá, en ekki væri unnt að telja högginn. Þau hafi þó verið nægjanlega mörg að magni og snerpu til að valda þessum innri breytingum á taugasímanum djúpt í heilanum og þannig yrði misgengi milli vefjahluta heilans – þannig yrði togið sem ryfi taugasímana. Aðspurður um þá ályktun í skýrslunni að staðsetning og útbreiðsla áverka benti sterklega til að annar maður hefðu veitt þá í formi endurtekinna sparka í höfuð og hvort það þýddi að þetta væri dæmigert fyrir slíkar árásir kvað vitnið svo vera. Staðsetningin og eðli áverkana væru með þeim hætti að þetta hafi verið árás fyrst og fremst. Stungið væri upp á að þetta hefðu verið spörk í höfuð þótt það þyrfti ekki að hafa verið, það færi eftir hvernig mekanisminn væri – högg og snerpa í endurtekningu.

Spurður um í tengslum við vettvanginn hvort eitthvað hefði bent til að hinn látni hefði lent með höfuðið á einhverju, kvað vitnið hann fyrst og fremst hafa verið skoðaðan. Hann væri ekki með áverka sem vitnuðu um að hann hefði fallið á innréttingar eða yfirborð, úti í grófri náttúru eða úr hæð. Þannig áverkar hefðu annað yfirbragð. Áverkarnir væru mjög sljóir þannig að vel mætti ætla högg sem annar maður hefði veitt með eigin útlimum. Í framburði sínum skýrði E einstaka áverka og eðli þeirra og staðsetningu m.t.t. orsaka. Áverkar t.d. á hönd sem gætu hafa komið til einum eða fleiri sólarhringum áður gætu hafa komið til við vörn eða annað, t.d. skurð við eldamennsku. Um þann möguleika að heilaáverkar hefðu komið til fyrir fall hefði hann séð slíka áverka ef fólk rúllaði niður fjallshlíð tugi metra. Fall niður stiga eins og þann sem hefði verið á vettvangi svipaði ekki til þess. Fall þar eða eftir að hafa þrilað upp að glugga framkallaði ekki þessa tegund áverka, flóknari krafta þyrfti og hreyfingar þyrftu að bjóða upp á misgengi milli hreyfinga höfuðs og heila. Mjög langsótt væri að halda þessu fram. Um vissuskala sem vísað er til í skýrslunni kvað E hann ekki vera tölulegan en settan fram til að útskýra matið.

Um þau högg sem vikið er að í skýrslunni og tilurð áverka kvað vitnið erfitt að telja högg. Bak við hvern áverka geti verið fleiri kraftar. Eitt högg á höfuð geti framkallað ákomu á húð og líka snögga hreyfingu heila í höfði. Leðurhúðarblæðingar sem tengja megi við högg og áverkar á heila geti þannig átt samleið. Vitnið skýrði hröðunarbreytingar þegar stillt hreyfist úr stað í næsta stað þar sem hraðinn skipti öllu máli og snerpa. Þá skýrði

vitnið heilahvítuáverka og innanskúmsblæðingar. Aðspurður kvað E það einkum vera áverkarnir vinstra megin á höfðinu, vinstra megin á hálsinum, þar sem hefði komið sljór kraftur og með hliðsjón af ytri áverkum á vinstra gagnauga, hvirfli og hnakkasvæði höfuðs og áverkum á vinstra eyrnasvæði niður að vinstri hlið andlits, væru þeir sem valdið hefðu andlátinu. Krafturinn sem þarna komi á með eðli sínu, þunga og snerpu hafi orðið til þess að hafna inni í heilahvítunni og valdið aflögun þar. Um möguleikana í skýrslunni um spörk eða högg með hnefa væri erfitt að meta, en hægt væri að beita miklu afli með hnefa og barefli hafi verið ólíklegt. Höggið þurfi að megna að hafa þunga og snerpu til að hreyfingar verði á höfðinu um hálsliðina. Spark eða högg með hnefa væru tilvalin en högg með áhaldi hefðu skilið eftir sig meiri sár eða merkingar á yfirborði. Tók vitnið fram að hinn látni hefði ekki verið með blæðandi áverka heldur annars konar.

E var einnig spurður út í mat sitt frá 15. nóvember 2024 og verður af framburði hans ráðið að gögn þau, meðal annars ljósmyndir af höndum ákærða, hafi ekki verið nothæf til að draga ályktanir en til þeirra hefði hann þurft að sjá ákærða strax á eftir læknum sem skoðaði.

I, læknir, staðfesti vottorð um skoðun á höndum ákærða og C. Um skoðun á ákærða fjallaði vitnið um efni vottorða eftir að hafa skoðað tvisvar og að ekki væri unnt að segja til um aldur áverka sem þar er lýst. Varðandi seinni skoðunina 21. apríl 2024 um bláma og væga bólgu yfir hnúum vísifingurs og löngutangar sem væru minna áberandi kvað vitnið ekki vera vísindalega vissu fyrir því að telja mætti áverkana á hægri hönd nýrri samkvæmt fyrri skoðun og hvort bólga gæti haldið áfram að myndast eða farið hjaðnandi. Hins vegar væru merki um nýlegri áverka á vinstri hönd án þess að geta sagt til um hvað hafi gerst milli skoðana. Staðfesti I vottorðin um bláma og væga bólgu. Að bólga og blámi væri minna áberandi í seinna vottorðinu ætti við um hvort tveggja. Þótt ekki kæmi það fram í vottorði væri það mat vitnisins að ummerkin væru um áverka við slétt eða sljótt yfirborð óháð því hvert það yfirborð væri í raun og veru. Mundi vitnið ekki eftir því að ákærði hefði nefnt að hann væri tíðum með skemmdir eins og bólgur á hægri handarbaki. Það gæti vitnið ekki metið án skoðunar á hvers eðlis sá vandi væri. Vitnið taldi ekki unnt að fastsetja tíma áverkana enda fylgdu marblettir ekki kúrfu, heldur færu þeir eftir umfangi blæðinga undir húð, hvar ákoman væri og hvort væri á svæði þar sem grunnt væri á bein. Vitnið staðfesti einnig vottorð um skoðun sína á C og fjallaði um

erfiðleika við skoðunina vegna bjúgs og bláma á höndum auk almennra litabreytinga. Reifaði vitnið að öðru leyti vottorð sín. Taldi vitnið orsök bjúgs líklegast tengjast líkamsstöðu eða mögulega handjárnnum sem hafi stöðvað blóð til handa. Staðfesti vitnið endurtekna skoðun daginn eftir um örlítið sár á hægri hönd eða hrufl á handarbaki ofan litlafingurs og hnúa baugfingurs auk hrufl á vinstri hönd. Mjög erfitt væri að meta aldur áverkanna en hruflin yrðu flokkuð sem nýleg, e.t.v. frá um tveimur sólarhringum áður. Margir orsakavaldar gætu komið til. Vitnið I staðfesti einnig vottorð um skoðun D og B og rakti efni þeirra. Svaraði vitnið því játandi að áverkar gætu samrýmst þeim sem þekktir eru við störf iðnaðarmanna.

K, geðlæknir og embættislæknir, staðfesti matsgerð sína þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að ákærði sé sakhæfur samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að refsing geti borið árangur gagnvart 16. gr. sömu laga.

Lögreglumenn sem fyrr eru taldir staðfestu fyrir dómi skýrslur þær sem frá þeim stafa. Lögreglumaður nr. 2309 staðfesti frumskýrslu sem fyrr er getið um og hverjir hefðu verið í sumarhúsinu þegar lögreglu bar að. Hann hefði farið á efri hæðina þar sem ákærði hafi virst sofandi og verið vakinn. Hann hefði talað um að hann og „litli maðurinn“ hefðu lent í einhverjum átökum, einhvers konar rifrildi, og sagt að hann hefði kýlt litla manninn sem heiti A. Stuttu síðar hafi vitnið fengið upplýsingar um í talstöð að hann væri látinn. Vitnið hafi gætt þess að alltaf væri kveikt á búkmyndavél sinni. Lögreglumaður nr. 2418 (áður h1583) lýsti einnig aðkomu að sumarhúsinu þar sem einn hafi verið meðvitundarlaus í herbergi inn af gangi. Sjúkralið hafi mætt með og hinn meðvitundarlaus verið dreginn fram og endurlífgun haldið áfram. Þeir hafi verið fjórir í húsinu þegar að var komið, þrír á neðri hæð og einn á þeirri efri. Hann hafi talað við einn þeirra D fyrir utan húsið sem lýst hafi því að hafa komið á staðinn til að kanna ástandið og vitað að einhver ágreiningur hefði verið þarna og einhver slasaður á fæti. Vitnið hafi verið með kveikt á búkmyndavél. Lögreglumaður nr. 0232 gaf einnig skýrslu fyrir dómi og kannaðist við skýrslu sína vegna Tæknideildar um vettvangsrannsókn og fyrr er getið. Staðfesti vitnið að blóð hefði fundist í svefnherbergi hins látna en leitað hafi verið að því annars staðar í húsinu. Blóð hafi aðeins verið þarna og á líkinu sjálfu. Skýrði vitnið niðurstöður rannsóknarinnar, en þar væri ekki tekið tillit til síðari krufningar og sendingu blóðsýna. Orðalagið í skýrslunni væri að einhverju leyti fengið frá réttarlækni sem annast

hefði skoðun á vettvangi með sér. Kvað vitnið hafa verið kannað hvort augljós merki hafi verið um átök eða hvort áhöld eða barefli hefðu þar verið, en þeir hefðu talið áverka ekki vera eftir fall heldur með barefli eða hnefa. Fjallaði vitnið einnig um depilblæðingar (punktblæðingar) og hvar sést hefði blóð samkvæmt skýrslunni. Minnti vitnið að hinn látni hefði verið með rifið eyra en ekki virst vera með stóra áverka, blóð hefði verið í rúminu en ekki mikið blóð eins og blætt hefði úr manninum. Ekki hefðu fundist tuskur eða slíkt sem bent gæti til að blætt hefði meira áður og verið hreinsað. Stiginn hafi verið skoðaður til að kanna hvort hann gæti hafa fallið niður, gengið hafi verið í kringum húsið en ekkert fundist þar sem máli gæti skipt. Lögreglumaður nr. 1309 mætti fyrir dóm og staðfesti skýrslur þær sem frá honum stafa og fyrir liggja í málinu. Sama gerðu lögreglumenn nr. 1734, 9711, S361, 2455 og 1935.

L sérfræðingur (nr. N001) kom fyrir dóm en hann stóð að skýrslum um rannsóknir á fatnaði og blóðsýnum sem fyrr er greint frá. Staðfesti hann skýrslur þær sem frá honum stafa. Um blóðsýni á fatnaði kvað hann ekki unnt að segja til um hve langt væri frá því að blóðið féll þar á. Þá gat hann ekki sagt til um hvernig blóð hefði fallið á fatnað ákærða og ferlagreining væri ómöguleg út frá stökum bletti. Bletturinn á skósóla hefi verið tildreginn sem líklegast stafaði af því að viðkomandi hefði stigið á blettinn og hann svo dregst til á sólanum án þess að unnt væri að segja til um hvar bletturinn hefði verið stigið hafi verið á. Staðfesti hann það efni skýrslu sinnar sérstaklega um að sýnin af belti af náttslöpp, á sóla á hægri inniskó og á framhlið buxna væri úr hinum látna.

## VI.

Í máli þessu er ákærða gefið að sök að hafa veist að A laugardaginn 20. apríl 2024 í sumarhúsi í Kiðjabergi í Grímsnes- og Grafningshreppi með margþættu ofbeldi með þeim afleiðingum að A hlaut bana af. Er sakargiftum og áverkum á A nánar lýst í ákæru. Ákærði hefur neitað sök en viðurkennt að hafa slegið A tvisvar með flötum lófa að morgni þessa laugardags þannig að hann féll á gólfið af stól þar sem hann hafi setið. Af hálfu ákærða hefur ekki verið borið við öðru en að hann sé sakhæfur og að 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi ekki við.

Af skýrslum sem gefnar voru undir rannsókn málsins og framburðum fyrir dómi er upplýst að í sumarhúsinu voru frá föstudeginum 19. apríl 2024 og fram yfir hádegi þann

20. apríl aðeins þrír menn í sumarhúsinu, ákærði, A og C. Hafi þeir eldað saman mat þar að vinnudegi loknum um föstudagskvöldið og drukkið áfengi. Snemma að morgni laugardagsins er upplýst um að A vaknaði og kvartaði um verki í kjölfar þess að hann hefði dottið niður stiga. Er upplýst að hann hafi þá hringt símtöl vegna þessara umkvartana. Hefur C borið um að hann hafi hvatt A til að hringja í yfirmann og leita leiða til að komast undir læknishendur en af því hafi ekki orðið.

Eins og fyrr greinir liggur fyrir ítarleg skýrsla um útvíkkaða réttarkrufningu á líki hins látna. Staðfesti E, réttarlæknir, hana fyrir dómi en hann stóð að skýrslunni ásamt J, réttarlækni. E gaf ítarlega skýrslu fyrir dómi þar sem hann staðfesti skýrsluna og skýrði einstök atriði hennar. Kom meðal annars fram að andlát A yrði ekki talin afleiðing þess að honum hefðu verið veittir tveir löðrunar og fallið úr stól. Fall niður stiga eða eftir að hafa þrilað upp að glugga hússins gæti heldur ekki skýrt andlátið með tilliti til þeirra áverka sem valdið hefðu því. Er meginniðurstaða rannsóknar E, og í ljósi framburðar hans fyrir dómi, sú að heilaáverkar hafi valdið dauða A og að þeir hafi komið til fyrir endurtekin, þung og snörp högg eða spörk á vinstri hlið höfuðs og háls A. Er í skýrslunni sem fyrr segir vísað til áverka á vinstri gagnauga, hvirfil- og hnakkasvæði höfuðs og áverka á vinstra eyrnasvæði og niður á vinstri hlið andlitsins og hálsins. Eftir að þeir áverkar hafi myndast hafi hann ekki getað lifað lengi. Samkvæmt skýrslunni, rannsókninni sem hún geymir og framburði E er talið að áverkar þeir sem A hlaut og leiddu hann til dauða hafi verið valdið að annarri manneskju. Þeir hafi komið fyrir sljóan kraft og ekki endilega skilið eftir blæðandi sár. Er niðurstaða eftir útvíkkaða réttarkrufningu og rannsóknar réttarlækna sú að þær bendi sterklega til þess að dauðsfallið hafi verið afleiðing áverka sem annar maður veitti A. Verður ekki séð að niðurstöður rannsóknarinnar gefi kost á annarri ályktun þótt hún beri með sér að aðrir áverkar hafi getið komið til við atlögu eða fall en ekki endilega samverkandi þeim sem dauðsfallinu olli. Segir eins og fyrr er rakið í skýrslunni að útlit, staðsetning og eðli áverkanna í hvítu hjarnans, heilastofninum og litla heilanum bendi sérstaklega til þess að þeir hafi komið til fyrir sljóa krafta gegn höfðinu og að þeir hafi, fyrir náttúrulega en ósamleita hreyfitregðu miðtaugakerfisvefjarins hlotið útrás djúpt í vefnum sem snörp hröðun á fáeinum stöðum með kjölfarandi staðbundinni vefjaraflögun sem yfirstigið hafi teygjanleg mörk vefjarins og viðnám hans gegn sundrunu og orsakað vefjarof. Með hliðsjón af ytri áverkunum á vinstra gagnauga-, hvirfil- og hnakkasvæði höfuðsins og

áverkunum á vinstra eyrnasvæðinu og niður á vinstri hlið andlitsins og hálsins tali þetta samantekið fyrir því að hinn látni hafi mótttekið mörg hliðarhögg í höfuðið og að snöggt bragð sumra þeirra hafi haft magn til að orsaka téðar innri hröðunarbreytingar. Útlit marsins á neðanverðum heilaberkinum á vinstra ennis-, gagnauga- og hnakkasvæðinu bendi sterklega til þess að það hafi komið til við beinan steyt gegn höfðinu og í ljósi áverkanna á höfðinu sé að ætla að það hafi komið til vegna þeirra högga. Hinar staðbundnu, fíngerðu innanskúmsblæðingar hafi staðsetningu og útlit sem nærtækast skýrist af sömu kröftum og heilahvítuáverkarnir. Eðli, staðsetning og útbreiðsla nefndra áverka bendi sterklega til þess að annar maður hafi veitt honum þá, t.d. í formi endurtekinna sparka í höfuðið. Er efni skýrslunnar að öðru leyti rakið að framan.

Taldi E í framburði sínum einnig að áverkar á höndum A gætu fremur skýrst af varnarviðbrögðum en ferskleiki þeirra áverka væri hinn sami og höfuðáverkanna. Áverkar á höndum gætu hafa komið til af öðrum ástæðum.

Verður með vísan til skýrslunnar og framburðar E að telja upplýst að andlát A hafi að öllum líkindum stafað af höggum eða spörkum annars manns. Í framburði E kom fram að ekki væri unnt að fullyrða um dánarstund af nákvæmni en fyrr er vísað til þess að með rannsókn líksins á vettvangi taldi hann dánarstundina vera á klukkustundunum fyrir kl. 11:30, laugardaginn 20. apríl 2024.

Framburðir um símtöl umræddan laugardagsmorgun sem vitni báru um, oft eftir minni, samræmast allvel rannsókn lögreglu á farsímagögnum. Eru skráð símtöl eða símhringingar þannig að líklegast sé að síðasta virkni farsíma A sé rétt fyrir kl. 9 þennan morgun, en um tveimur tímum fyrr hafi hann átt símtöl og samskipti þar sem hann lýsti eymslum og að hafa dottið niður stiga. Þá leiddi rannsóknin í ljós að sími ákærða er í virkni aðfararnótt laugardagsins og fram yfir hádegi og er síminn aflæstur með nokkuð jöfnu millibili frá því snemma laugardagsmorgunsins.

Rannsóknin leidd í ljós að C hringdi í númer H kl. 10:32 og númer hans í C kl. 10:43. Kl. 11:39 hringir C í númer F og stuttu síðar í þann sama á Facebook. Hringir C aftur í númer F kl. 11:48 og hann í C kl. 12:07. Þá er skráð um önnur símtöl og aðra notkun í

farsíma C. Framburður H um efni símtals við C er óljóst um hvað C talaði um annað en að sjúkrabíl vantaði. Það er svo nokkru síðar sem C hringir í F.

Samkvæmt rannsókn lögreglu liggja fyrir skráningar á farsímanotkun D. Koma þar fram skráningar á hringingum F og D í hvorn annan á tólfta tímanum laugardagsmorguninn og áður milli D og B. Kemur einnig fram að A hafi hringt í D kl. 7:15 og 7:16 sama morgun en rannsókninni fylgir endurritun af símtali þá þar sem A lýsir því að hafa slasast eftir fall í stiga, hann sé líklegast beinbrotinn og þurfi að komast á sjúkrahús. Eru einnig endurrit af upptökum á samtölum B og D af þessu tilefni rúmlega kl. 9 og kl. 10:52 og 11:45 tengt öðru númeri. Eru einnig endurrit af upptökum símtals kl. 12:33 og 14:55 en í hinu fyrra kveðst D þurfa að fara í sumarbústað þar sem ákærði og A hafi verið að slást um nóttina og vitnar um það í samtal við F eftir samtal hans við C sem hafi sagt að A hafi dottið niður stiga. Meðal gagna er einnig skráning á staðsetningu síma D um og eftir hádegi sama dag sem sýnir leið hans [...] og að Kiðjabergi. Skráning á farsímanotkun B liggur fyrir þar sem hann hringir í D og A upp úr kl. 9 og í A kl. 10:30, en þeirri hringingu ekki svarað. Eru skráðar símhringingar B við H og D stuttu fyrir kl. 11 og D í hann kl. 11:26. Símhringing F í B er kl. 13:55 og kl. 13:57 hringir B í Neyðarlínu. Rannsókn á farsíma F sýnir meðal annars þar sem C reynir að ná í hann kl. 11:39 og 11:42 án svars umræddan laugardagsmorgunn, en kl. 11:48 hringir C í hann og samtalið varir í 2 mínútur og 47 sekúndur. Kl. 11:45 hafði D [...] hringt í F, því ekki svarað en F hringt til baka kl. 11:47 og er samtalið tæpar tvær mínútur. Hringir F í D kl. 12:02 og reynir án árangurs að hringja í A. Hringir F í C kl. 12:07 og er samtalið tæpar 3 mínútur. Kl. 10:47 er skráð símtal frá C [...] í F í hálfu mínútu.

Framburður C er nokkuð stöðugur í skýrslum hjá lögreglu og getur samrýmst skráningum símtala hans. C kannaðist ekki við að hafa séð ákærða slá til A svo sem ákærði hefur borið um. Er sá framburður stöðugur og bendir í sjálfu sér ekki til að hann væri sérstaklega að koma sök á annan. Hins vegar kvaðst hann í skýrslu hjá lögreglu 20. apríl 2024 hafa rætt það við F um morguninn að mögulega hefði A verið laminn sem samrýmst getur framburði F. Um þessi atriði er framburður C ekki skýr og útskýringar hans honum tengdum ekki heldur. Miðað við framburð C og virkni símtækis A getur það samrýmst því að A hafi verið virkur í síma sínum allt fram til klukkan að verða 9 um morguninn. Þá hefur C borið um að A hafi ekki lengur legið á gólfinu er hann hafi farið síðar úr

herbergi sínu og á salernið. Verður að telja framburð C stöðugan í meginatriðum en um nokkur atriði verður hann ekki talin sérlega trúverðugur eða að hann hafi skýrt hegðun sína eða athafnir umræddan laugardagsmorgun. Skortir að mati dómsins skýringar á því af hverju C hafi lýst áhyggjum sínum í símtali við F en af framburðum og hvort það var vegna umkvartana A fyrir um morguninn og af hverju hann kannaði ekki sérstaklega aðstæður hafi honum þótt þögn í húsinu sérkennileg. Er framburður hans fyrir lögreglu og fyrir dómi heldur ekki skýr eða í samræmi um hvort hann hafi séð inn til A liggjandi í rúmi sínu eftir að hafa legið á gólfinu áður. Í framburði C fyrir dómi við aðalmeðferð málsins kvaðst hann hafa litið inn í herbergi A og virst hann sofandi, eftir að hann hafi ekki lengur verið á gólfinu en ekki er fyllilega ljóst hvort þetta var skömmu áður en hann hringir í yfirmenn sína eða fyrir. Þá hefur hann ekki skýrt af hverju hann hafi ekki sjálfur hlutast til um að hringt yrði á sjúkrabíl þegar hann taldi ástæðu til.

Framburður ákærða um framvindu mála er ekki stöðugur eða trúverðugur í öllum atriðum og tók nokkrum breytingum fyrir dómi frá því sem verið hafði á rannsóknarstigi. Bætti ákærði í framburð sinn fyrir lögreglu eftir því sem á leið um veigamikil atriði. Hins vegar kemur fram í frumskýrslu að hann hafi sagt lögreglumanni frá því að hafa kýlt „litla manninn“, en framburður um að hafa slegið hann kom síðar fram. Þá komu ekki skýringar um atriði eins og blóð á fötum ákærða fyrir en síðar sem ákærði hafði ekki minnst á áður, meðal annars um að hann hefði vafið um sár A á handlegg eftir að skurð við eldamennsku þótt ekki verði útilokað að áverkar á höndum A hafi getað stafað af einhverju slíku. Þá er framburður ákærða fyrir dómi á nokkuð annan veg en í skýrslum hans hjá lögreglu, meðal annars um hvernig A hafi hagað sér eftir að ákærði sló hann. Þá er innbyrðis ósamræmi í framburði ákærða fyrir dómi um hvort hann hafi hitt A aftur eftir að hafa farið í herbergið og sofnað.

Ekki er unnt að fullyrða að ákærði sé einn til vitnis um hvernig það hafi komið til að A lá ekki lengur á gólfinu heldur verið kominn í herbergi sitt og upp í rúm. Fær það þó staðist tímasetningar að C hafi síðast séð A, a.m.k. vakandi, um eða fyrir kl. 7 um morguninn og síðan liggjandi á gólfinu milli kl. 9 og 10. Einni til tveimur klukkustundum síðar hafi hann séð að A hafi ekki verið lengur liggjandi á gólfinu en ekki verður fullyrt hve langur tími leið þarna á milli. Er framburður C um þessar tímasetningar og

símhringingar eða símtöl í meginatriðum stöðugur en um tímasetningar þar á milli verður þó ekki fullyrt að mati dómsins.

Mat á því hvort forsendur séu til að sakfella ákærða fyrir atlogur og ofbeldi gagnvart A á þann hátt sem ákært er fyrir ræðst af 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. og 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Þá ber að horfa til 115. gr. nefndra laga um mat á framburði ákærða og 126. gr. laganna við mat á framburði vitna.

Fram er komið að ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið A einu sinni eða tvisvar með þeim afleiðingum að hann hafi dottið í gólfið af stól þar sem hann sat. Einnig er fram komið að blóð var á fötum ákærða sem samsvarar blóði A, á hægri inniskóm ákærða, á belti á náttslopp og buxum, en blóð fannst einnig á laki, dýnu og á gólfi í herbergi A. Þá voru áverkar á hægri hönd ákærða er hann var skoðaður af lækni skömmu eftir handtöku hans 20. apríl 2024, eins og fyrr er rakið, yfir hnúum vísifingurs og löngutangar, bólga og blámi. Voru þeir einnig þar við skoðun daginn eftir en minni. Er einnig fram komið að áverkar eða merki um þá voru einnig á höndum C. Ekkert er að mati dómsins í gögnum sem veitir sérstaklega líkur fyrir því að tengja megi D og B við líkamsárás eða andlát A en þeir komu á staðinn og hófu strax endurlífgunartilraunir á A.

Fyrir liggur í málinu að ekki er unnt að leggja til grundvallar að þeir tveir löðrungar sem ákærði hefur viðurkennt að hafa veitt A þannig að hann hafi fallið af stól þar sem hann sat og í gólfið hafi dregið hann til dauða. Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa með margþættu ofbeldi veist að hinum látna A þannig að atlagan hafi beinst að höfði, hálsi og líkama hans, þar á meðal með því að slá hann tvisvar í andlitið þar sem hann hafi setið á stól, þannig að hann féll í gólfið, en til ákærunnar má vísa um þær afleiðingar sem þar er getið í kjölfar þessa. Verður að skilja verknaðarlýsingu ákæru þannig að sá hluti sakargifta með því að ákærði hafi slegið A tvisvar í andlit með þeim afleiðingum að hann hafi dottið á gólfið af stól þar sem hann sat sé í ljósi mats réttarlækna verknaður að miklu leyti aðskilinn því að hinn látni hafi hlotið önnur högg á höfuð, háls og líkama sem valdið hafi andlátinu.

Í reynd liggur ekki fyrir bein sönnun um það hvort atlaga ákærða hafi verið grófari og ofsafengnari en hann hefur viðurkennt, hvort heldur hann hafi slegið hann tvisvar með

flötum lófa eða krepptum hnefa í andlitið. Ósamræmi í framburði ákærða er í sjálfu sér ekki þess eðlis að veita sönnun um að hann hafi valdið dauða A. Ekki er unnt að fullyrða um hvenær, hvernig eða við hvaða aðstæður blóð úr hinum látna hafi komist í skó eða annan fatnað ákærða en hinn látni mun ekki hafa verið með blæðandi sár miðað við vettvangsrannsókn og ekki sannað hvenær eða hvernig blóð úr honum hafi komist í lak eða á gólf í herbergi hans miðað við rannsókn lögreglu og sýnarannsókn sem fyrr er greint frá. Þá voru hendur ákærða ekki rannsakaðar frekar af réttarlækni með skoðun eins og skilja verður ráð læknis þess sem skoðaði 20. og 21. apríl 2024. Er skoðun réttarlæknis sem fyrr er greint frá og dagsett er 15. nóvember 2024 grundvölluð á gögnum og myndum sem hann taldi ekki góðar til mats. Taldi hann enga óyggjandi áverka koma fram á innsendum gögnum.

Að mati dómsins myndi sakfelling ákærða á grundvelli 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að atлага gegn A hafi orðið honum aldurtila við þær aðstæður sem í málinu eru, byggjast á ályktun um að líklegt eða líklegast væri að ákærði hafi veitt hinum látna þau högg eða spörk sem leitt hafi til dauða en ekki annar, hvar það hefði gerst, hvernig og á hvaða tíma umræddan morgun, fyrir eða eftir að hann hafi legið á gólfinu eða í herbergi sínu. Miðað við sönnunarfærslu, skýrslu réttarlækna og framburðar annars þeirra, orsakir andlátsins og hvernig verknaðarlýsingu ákæru er háttáð yrði sakfelling samkvæmt því á grundvelli ákærunnar ekki að mati dómsins hafin yfir skynsamlegan vafa.

Leiðir það til þess að ákærði verður ekki sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga fyrir að hafa veist að hinum látna A með þeim afleiðingum að hann lést.

Ákærði hefur hins vegar viðurkennt að hafa slegið tvisvar til hins látna þannig að hann féll af stól og verður hann samkvæmt því sakfelldur fyrir brot gegn 217. gr. laganna. Er það til samræmis við málflutning verjanda um vægustu refsingu og játningu ákærða en að mati dómsins var ekki talin þörf á sérstakri málsreifun af hálfu ákæruvalds um slíkt brot. Refsing ákærða fyrir brot gegn nefndri 217. gr. sem hann hefur játað og samræmst geta gögnum, er hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði. Í ljósi þeirrar játningar og þess að hann hefur ekki gerst sekur um annað brot hér á landi eru efni til að skilorðsbinda

refsinguna þannig að hún falli niður haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa..

Samkvæmt yfirliti ákærvalds um sakarkostnað nemur hann 2.698.430 krónum en að langstærstum hluta verður að ætla að hann stafi af kostnaði af rannsókn vegna ætlaðra brota gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Skal kostnaður þessi greiddur úr ríkissjóði, sbr. 235. gr. laga nr. 88/2008. Verjandi ákærða hefur lagt til tímaskýrslu vegna málsvarnarlauna að fjárhæð 12.055.920 krónur ásamt virðisaukaskatti en að af þeirri fjárhæð hafi 6.900.000 krónur þegar verið greiddar á grundvelli úrskurðar dómsins um frávísun málsins. Verða málsvarnarlaun því ákveðin 5.155.920 krónur sem nemi mismuninum en á grundvelli niðurstöðu málsins verður ákærða gert að greiða 1/8 hluta þeirra eða 644.490 krónur.

Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Ákærði Gediminas Saulys sæti fangelsi í 2 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftirstöðvar málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Elimars Haukssonar, lögmanns, að fjárhæð 5.155.920 krónur, greiðir ákærði að 1/8 hluta, eða 644.490 krónur, en að öðru leyti greiðast þau úr ríkissjóði. Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Einar Karl Hallvarðsson